




EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
21. árgangur
Desember 2018



*Eining-Íðja
sendir félagsmönnum sínum og
landsmönnum öllum bestu óskir
um gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða*



Hátíðlegt úrval í Sjónvarpi Símans Premium

Sameinaðu fjölskylduna í sófanum um jólin. Bridget Jones, Forrest Gump, Shrek, Penguins of Madagascar eru á meðal þeirra rúmlega 200 kvikmynda og Disney ævintýra sem standa þér til boða yfir hátíðarnar.

Sjónvarp Símans Premium – Svona á sjónvarp að vera


Átt þú rétt á
bótum eftir
slys?

Hafðu
samband

- það kostar ekkert

tryggingabaetur.is

s.464 5550



TRYGGINGABÆTUR

Sími 464 5550 | www.tryggingabaetur.is



Útgefandi: Eining-Íðja
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:
Jólagarðurinn Eyjafirði
Ásgrímur Hallgrímsson

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið

Snertilausar greiðslur Íslandsbanka

**Borgaðu
með símanum
í næsta posa**

með kortaappinu frá Íslandsbanka

Efnisyfirlit

- 6 Mikil ánægja með félagið og þjónustuna
- 6 Við mætum til þín í vetur
- 7 Viðræður og undirbúningur í gangi vegna kjarasamninga
- 8 Bæjarfulltrúar í heimsókn
- 8 Desemberuppbót 2018
- 9 Laun um jólin
- 9 Útborgun 28. desember 2018
- 10 Orlofsferðir Einingar-Íðju á árinu 2019
- 12 Ferð Einingar-Íðju til Austurríkis 2018
- 14 LÝSA – vel heppnuð hátíð um samfélagsmál
- 14 Nýr framkvæmdastjóri SGS
- 14 Vinnustaðafundir
- 15 Íbúð á Spáni sumarið 2019
- 16 Frábær dagsferð fyrir aldraða félagsmenn
- 16 Veistu hvað...? á sjö tungumálum
- 18 Miscellaneous information
- 19 Konur taka af skarið! Akureyri
- 20 Erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði og verkalyðshreyfingin
- 20 Við erum ekki á matseðlinum
- 21 Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits – verkefnið framlengt
- 22 VIRK í 10 ár
- 23 SÍMEY fékk European Quality (EQM+) gæðavottun
- 24 Breytum ekki konum, breytum samfélaginu
- 26 Hnossgæti úr Hrísey
- 27 Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?
- 28 ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ
- 28 Að eiga við einstaklinga í erfiðum aðstæðum!
- 29 Vetrarleiga orlofshúsa
- 30 Różne informacje
- 31 Fimmta þing ASÍ-UNG
- 32 43. þing ASÍ
- 33 Jólakrossgátan
- 34 Verðlaunagetraun
- 34 Ekki segja upp í veikindum
- 35 Dyravarðanámskeið
- 35 Lestur launaseðla - námskeið

*Starfsfólk Enor
óskar félagsmönnum Einingar-Íðju
gledilegra jóla
og farsæls nýs árs.*

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaganna



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast



Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
email thrif@thrif.is / www.thrif.is

Mikil ánægja með félagið og þjónustuna

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Gallup framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löju og AFLs starfsgreinafélags.

Um er að ræða sambærilega könnun og gerð hefur verið fyrir félögin sl. sjö ár. Nettó svarhlutfall hjá félaginu var 56,7% sem er betra en í síðustu könnun. 41,7% svarenda voru karlar en 58,3% konur. 19% svarenda voru undir 25 ára aldri, 24,3% voru á aldrinum 25-34 ára, rúmlega 17% voru á aldrinum 35-44 ára, rúmlega 19% á aldrinum 45-54 ára og tæplega 21% voru 55 ára eða eldri.

Helstu niðurstöður liggja nú fyrir og eru væntanlegar inn á heimasíðu félagsins á næstu dögum, en það er alltaf fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu ára og sjá hvort miklar breytingar hafa átt sér stað.

Mikil ánægja er með þjónustu Einingar-löju og félagið sjálft. Tæplega 96% svarenda sögðust vera sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingu-löju og 96% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-löju þegar á heildina væri litið. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og á síðustu árum.

53,9% svarenda sögðust hafa nýtt sér einhverja þjónustu hjá félaginu undanfarna 12 mánuði.

Í könnuninni voru margir þættir kannaðir, m.a. um heildarlaun og dagvinnulaun viðkomandi. 31,2% segjast vera sátt með laun sín miðað við 36% í fyrra. 41,5% eru ósátt miðað við 34,9% í fyrra. Fleiri konur en karlar eru ósáttari með launin og eins frekar eldri en þeir sem yngri eru.

Heildarlaun

Hvað varðar heildarlaun varðar þá voru þau að meðaltali kr. 499.182 í ár miðað við kr. 463.297 í fyrra og kr. 442.828 árið 2016. 14,1% eru með lægri laun en 350.000. 44,2% eru með laun á bilinu 350.000 til 499.000 og 41,7% eru með 500.000 eða meira.

Ef meðal heildarlaun svarenda eru skoðuð milli kynja, þá eru karlmenn með kr. 542.801 en voru í fyrra með kr. 502.738. Konurnar eru með kr. 452.774 en í fyrra voru þær með kr. 421.710.

Meðal heildarlaun á Akureyri eru kr. 498.770, sem er hækkun um kr. 31.012 á milli ára. Á Dalvík kr. 520.777, sem er hækkun um kr. 76.309. Í Fjallabyggð kr. 439.399, sem er lækkun um kr. 24.576, og á öðrum stöðum í firðinum eru þau kr. 508.580 sem er hækkun um kr. 75.890.

Dagvinnulaun

Dagvinnulaunin hafa einnig aukist. Nú eru þau að meðaltali kr. 383.433 miðað við kr. 364.719 í fyrra og kr. 346.128 árið 2016. 40,7% eru með 350.000 eða lægra, 49,6% eru með laun á bilinu 350.000 til 499.000 og 9,7% eru með 500.000 eða meira.

Ef meðal dagvinnulaun svarenda eru skoðuð milli kynja, þá eru karlmenn með kr. 383.526 en voru í fyrra með kr. 367.993, sem er 4,2% hækkun. Konurnar eru með kr. 383.326 en í fyrra voru þær með kr. 360.810, sem er 6,2% hækkun.

Könnunin fór þannig fram að 3.000 félagsmenn voru valdir handahófskennt úr félagskrám þessara tveggja félaga, 1.500 frá hvoru félagi. Það er áriðandi að fá sem nákvæmstar

niðurstöður þegar slík könnun er framkvæmd, helst að fá alla til að svara, svo hægt sé að nýta niðurstöðurnar í þágu þekkingar og til hagsbóta fyrir félagsmenn. Þeirra upplýsingar skipta miklu máli!

Rannsókn sem þessi er afar gagnleg og getur félagið stuðst við niðurstöðurnar á mörgum sviðum. Stjórn félagsins vill þakka öllum þeim sem þátt tóku í launakönnun félagsins í ár.

Við mætum til þín í vetur

Starfsmenn félagsins á kjarasviði, Björn formaður, Anna varaformaður, Eyrún þjónustufulltrúi eða Hafdís lögfræðingur og þjónustufulltrúi, verða til viðtals á skrifstofum félagsins á Dalvík og Fjallabyggð í vetur. Einnig á veitingastaðnum Verbuðinni í Hrísey og á veitingastaðnum Kontornum á Grenivík.

Tímabantanir óþarfar og við vonumst til að sjá sem flesta. Verið velkomin!

Næstu viðverur verða sem hér segir:

Hrísey, 18. desember 2018 milli kl. 14:00 og 16:30

Fjallabyggð, 8. janúar 2019 milli kl. 12:00 og 16:00.

Dalvík, 24. janúar 2019 milli kl. 12:00 og 16:00.

Grenivík, 12. mars 2019 milli kl. 15:00 og 17:00.

Aðrar tímasetningar má finna á www.ein.is.

Vinningsnúmer

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréfinu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Búið er að draga og voru nöfn eftirfarandi félagsmanna dregin út.

Tveir vinningar að upphæð kr. 100.000: **Aðalsteinn M. Þorsteinsson (Eining-löja)** og **Alrún Irene A. Stephensdóttir (AFL)**

Tveir vinningar að upphæð kr. 50.000: **Bryndís Harpa Björnsdóttir (Eining-löja)** og **Elsa Guðjónsdóttir (AFL)**

Fjórir vinningar, vikuvöl í orlofsíbúðum félaganna: **Kristinn Frímann Árnason (Eining-löja)**, **Þóra Dögg Ásgeirsdóttir (Eining-löja)**, **Nína Sýbil Birgisdóttir (AFL)** og **Rúnar Smári Fjalarr (AFL)**

Í ár lentu einnig 20 þátttakendur strax í happdrættispotti, 10 frá hvoru félagi, voru í raun dregnir út áður en þeir svöruðu. Hinir heppnu vinningshafar fengu tilkynningu um það um leið og þeir höfðu lokið við að svara könnuninni, um er að ræða kr. 10.000 inneign á debetkorti sem þeir náguðust á skrifstofu



Aðalsteinn M. Þorsteinsson.



Bryndís Harpa Björnsdóttir

félagins á Akureyri. Aðeins fjórir þeirra sem dregin voru út svöruðu sem þýðir því miður að sex félagsmenn Einingar-löju misstu af því að fá vinning upp á kr. 10.000. Það getur borgað sig að taka þátt!

Eining-löja óskar vinningshöfum til hamingju.

Viðræður og undirbúningur í gangi vegna kjarasamninga

Um áramótin fellur úr gildi kjarasamningur Starfsgreinasambands Ísland við Samtök atvinnulífsins. Nú standa yfir formlegar viðræður milli samninganefnda SGS og SA um endurnýjun kjarasamninga og hafa verið haldnir nokkrir fundir. Lítið var hægt að segja um gang viðræðanna þegar blaðið fór í prentun en fylgist vel með á heimasíðu félagsins, www.ein.is, því þar verða settar inn fréttir af gangi mála.

Áður en viðræður hófust voru fulltrúar frá aðildarfélögum SGS búnir að hittast á fundi í Reykjavík til að yfirfara kröfur SGS og átti félag-

ið þar nokkra fulltrúa. Eining-löja skipaði eftirfarandi félagsmenn sem fulltrúa sína í kjarasamningaviðræðum við SA. Í þessum samningum, eins og áður, hefur félagið kappkostað að kalla til félagsmenn sem starfa í þeim greinum sem verið er að semja um.

- ◆ Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins og SGS, er í sjö manna viðræðunefnd gagnvart SA og gagnvart bændasamningum.
- ◆ Tryggvi Jóhannsson er fyrir ræstingu.
- ◆ Sólveig Auður Þorsteinsdóttir er fyrir Veitinga- og gistihúsasamninginn.
- ◆ Gunnar Magnússon er fyrir byggingarstarfsmenn.

- ◆ Ingvar Kristjánsson er fyrir bifreiðastjóra, hópferðarbilstjóra og tækjastjórnendur.
- ◆ Anna Júlíusdóttir er fyrir fiskvinnsluna, fiskeldið og mótuneyti.
- ◆ Eyrún Halla Eyjólfsdóttir er fyrir iðnverkafoðk.

Í síðustu viku voru haldnir undirbúningsfundir vegna kjarasamnings SGS og ríkisins annars vegar og hins vegar vegna samnings SGS og sveitarfélaganna en báðir þessir samningar eru lausir 31. mars 2019.

Vegna þessara samninga hefur félagið einnig skipað nokkra félagsmenn sem sína fulltrúa í viðræðunum, þau eru:

- ◆ Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildarinnar
- ◆ Júlía Birna Birgisdóttir frá Heilbrigðisstofnun norðurlands
- ◆ Bjarki Þór Skjaldarson frá Vegagerðinni
- ◆ Helga Ingólfssdóttir frá Lögmannahlið
- ◆ Guðbjörg Helga Andrésdóttir frá sambýlum á Akureyri

Einnig áskilur félagið sér rétt til að koma að fleira fólki í viðræðuhópnum ef þurfa þykir.



Sveigjanleg starfslok

Þekkir þú valkostina?

Sjóðfélagi hefur eftirfarandi valmöguleika...

- Hægt er að hefja töku eftirlauna á aldrinum 60-80 ára
- Sjóðfélagi getur ákveðið að hefja töku 50% eftirlauna
- Sá sem hefur töku eftirlauna að hluta eða að fullu fyrir 67 ára aldur getur hætt tökum og hafið hana á ný síðar. Sjóðfélagi er bundinn við val sitt um töku eftirlauna í minnst 12 mánuði í senn.
- Séreign er laus til útborgunar við 60 ára aldur
- Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 62 ára aldri

Það er auðvelt að fylgjast með réttindum á vef sjóðfélaga. Þar er einnig hægt að afþakka pappír. Sjá nánar www.stapi.is

Bæjarfulltrúar í heimsókn

Mánudaginn 19. nóvember sl. komu nokkrir bæjarfulltrúar Akureyrarbæjar ásamt Höllu Margréti Tryggvadóttur, sviðsstjóra stjórnáslusviðs bæjarins, í heimsókn til Einingar-löju til að kynna sér starfsemi og þjónustu félagsins.

Bæjarstjórinn forfallaðist á síðustu stundu og gat því miður ekki mætt á fundinn, sem hófst á því að Björn formaður félagsins kynnti starfsemiina. Hann fór m.a. yfir hvernig félagið væri byggt upp, sjóði félagsins og trúnaðarmenn. Fram kom í máli hans að lang stærsti launagreiðandi sem greiðir til félagsins væri Akureyrarkaupstaður, en rétt rúmlega 17% félagsmanna starfa þar. Hann fjallaði einnig um greiðslur úr sjúkrasjóði félagsins en fyrstu 10 mánuði ársins eru greiðslur orðnar hærri en allt árið í fyrra. Á fyrstu 10 mánuðum ársins er búið að borga úr sjúkrasjóði rúmlega 136 milljónir króna miðað við rétt rúmlega 135,5 milljónir allt árið 2017. Þar er stærsti hlutinn dagpeningar til félagsmanna eða um 103,5 milljónir en allt árið 2017 voru greiddar út tæplega 96,5 milljónir króna í dagpeninga vegna veikinda.

Hafdís og Eyrún, starfsmenn félagsins, fóru aðeins yfir helstu málaflokka sem eru að koma inn á borð Einingar-löju og hvernig tekið er á málum sem inn koma til félagsins. Þarna má m.a. nefna launa- og orlofsmál, veikinda- og slysarétt, gjaldprotamál, hvíldartíma, einelti og sjálfboðaliða til að nefna nokkur. Lagt er upp með að öll mál sem koma til félagsins séu unnin eins hratt og aðstæður leyfa en ekkert er gert nema með leyfi viðkomandi félagsmanns.

Vilhelm, Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits, sagði aðeins frá starfi sínu við vinnustaðaeftirlitið. Hann sagði að frá því hann var ráðinn



í þetta verkefni þann 1. maí 2016 hefur hann skráð rúmlega 2.773 einstaklinga, eða um 92 einstaklinga á mánuði, farið í 213 eftirlitsferðir og farið inn í milli 7 og 800 fyrirtæki og skráð að meðaltali 14 einstaklinga í hverri ferð.

15.000 einstaklingar leitað til VIRK

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, fór yfir þjónustuna hjá VIRK og hlutverk VIRK innan velferðarkerfisins. Í máli hennar kom m.a. fram að á þeim 10 árum síðan VIRK var stofnað hafa 15.000 einstaklingar leitað til VIRK og þar af hafi um 9.000 lokið þjónustu hjá þeim. Um 7.000 einstaklingar hafa náð að verða virkir á vinnumarkaði eða í námi eftir útskrift frá VIRK sem er um 78% af þeim sem útskrifast. Vigdís sagði einnig að 23% fleiri beiðnir hefðu

komu til VIRK fyrstu 9 mánuði ársins 2018 en árið 2016. Jafnframt sagði hún að mikil aukning væri á ungu fólki sem væru í þjónustu hjá VIRK.

Fjöl margar spurningar komu frá gestum fundarins og áttu sér stað góðar umræður á honum, m.a. var rætt hvernig hægt væri að koma á meira samstarfi við bæinn og stofnanir hans um ýmis mál sem fjallað var um á fundinum.

Þessi fundur var sá fyrsti af nokkrum þar sem félagið hefur ákveðið að heimsækja eða fá í heimsókn alla yfirmenn sveitarfélaga við Fjörðinn sem og kjörna fulltrúa viðkomandi sveitarfélags til að kynna félagið og starfsemi þess. Fleiri fundir á þessum nótum munu því fara fram á næstunni.

Desemberuppbót 2018

Eining-löja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er kr. 89.000, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga að

fá desemberuppbót greidda 1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við launanevnd sveitarfélaga er kr. 113.000, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda 1. desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Laun um jólin

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsfólki yfirvinnu eða eftir atvikum álag á stórhátíðum, en þeir dagar sem slíkt gildir um eru:

Aðfangadagur eftir kl. 12, jóladagur, gamlársdagur eftir kl. 12 og nýársdagur.

Öll vinna á stórhátíðardögum greiðist með tímakaupi, sem er 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Fyrir yfirvinnu á öðrum frídögum skal greiða 80% álag á dagvinnutímakaup eða 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Annar í jólum telst sem almennur frídagur.

Í vaktavinnu eru til tvær reglur um greiðslur á þessum dögum. Annars vegar hjá þeim sem fá vetrarfrí og svo hjá hinum sem ekki eru með vetrarfrí.

Starfsmenn í fullu starfi, sem vinna reglubundna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga á ári vegna samningsbundinna helgi- og tyllidaga sem falla á mánudaga til föstudaga í vinnuvikunni. Á þetta við um starfsfólk sem hefur unnið fulla vaktavinnu í einn mánuð eða lengur.

Undantekningar:

- ◆ Starfsfólk sem sinnir hlutastarfi í vaktavinnu á hlutfallslegan rétt í samræmi við starfshlutfall.
- ◆ Starfsfólk í tilfallandi vinnu á rétt á stórhátíðarkaupi vegna vinnu á stórhátíðardögum.

Ef vetrarfrísregla á við þá er greitt 90% álag á stórhátíðardögum.

Ef vetrarfrí er ekki veitt skal greitt stórhátíðarkaup á stórhátíðardögum



SÍMEY

-þakkar fyrir frábært samstarf
á árinu og óskar öllum

Gledilegra jóla

Hlökkum til að vera með ykkur 2019!

Aníta, Emil, Helgi, Helgi Þorbjörn
Ingunn Helga, Kristín, Kristjana,
Kristján, Sóley, Sigrún, Svanfríður og
Valgeir



Sjúkrasjóður og fræðslusjóðir Einingar-löju

Útborgun 28. desember 2018



Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 28. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári.

Skila þarf gögnum til félagsins í síðasta lagi 20. desember næstkomandi til að ná þessari útborgun. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2019.

Orlofsferðir Einingar-Iðju á árinu 2019

Hjá félaginu starfar ferðanefnd sem undirbýr og skipuleggur ferðir á hverju ári fyrir félagsmenn. Aðalfundur ár hvert kys fjóra félagsmenn í nefndina, en auk þeirra á formaður félagsins og í forföllum hans varaformaður, sæti í nefndinni. Í ár, eins og undanfarin ár, verða þrjár ferðir í boði; utanlandsferð, ferð innanlands og eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn. Nánar má lesa um ferðirnar hér fyrir neðan.

Fjögur lönd á 11 dögum

- 10. til 20. ágúst 2019

Farið verður til Króatíu 10. til 20. ágúst 2019, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns.

Flogið verður frá Keflavík til München og þaðan aftur til Keflavíkur.

Farið verður til Zell am See og þar gist í eina nótt á *Hotel der Schütthof*. Næsta dag verður ekið suður á bóginn gegnum Slóveníu til Opatija í Króatíu þar sem gist verður í eina nótt á *Hotel Bristol*. Daginn eftir verður ekið áfram suður á bóginn til Biograd na Moru á Dalmatíuströnd við Adríahaf en þar verður dvalið í 5 nætur á *Hotel Ilirija*, góðu hóteli við höfnina. Frá Biograd verður farið í tvær dagsferðir. Annars vegar til gömlu borganna Split og Trogir og hins vegar í þjóðgarðinn Krka. Einnig verður farið til borgarinnar Zadar.

Frá Biograd na Moru verður farið norður á bóginn til Bled í norðvestur Slóveníu þar sem gist verður í tvær nætur á *Sava Hoteli Bled*. Frá Bled verður ekið í gegnum Austurríki til München í Þýskalandi þar sem gist verður síðustu nótt ferðarinnar á *Victor's Residenz-Hotel*.

Leiðsögumaður verður Harpa Hallgrímsdóttir og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Verð kr. 285.000 á mann í tveggja manna herbergi en kr. 340.000 í eins manns herbergi. Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 50.000 sem þarf að greiða innan 10 daga frá pöntun.

Athugið! Boðið verður upp á rútuferð til Keflavíkur 9. ágúst og heim 20. ágúst. Einnig verður boðið upp á gistingu í Keflavík aðfarnótt 10. ágúst.

Dregnið verða 18 orlofsþing frá punktaeign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- Akstur: Allur akstur erlendis.
- Flug: Keflavík – München - Keflavík.
- Gisting: 10 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- 10 kvöldverðir innifaldir erlendis.

Ekki innifalið í verði:

- Ferðir og gisting innanlands
- Aðgangseyrir í söfn og á áhugaverða staði þar sem þarf að borga inn.

Ferðalýsing:

Laugardagur 10. ágúst

Flug frá Keflavík kl. 7.20 til München. Áætluð landing kl. 13.05 að staðartíma. Þaðan verður ekið sem leið liggur til Zell am See (9.850 íbúar) í Salzbúrgarlandi í Austurríki. Þetta er fallegur bæ í um það bil 750 metrum yfir sjávarmáli. Bærinn er vinsæll ferðamannastaður, ekki síst á return-



ar, fyrir skíðaunnendur. Einnig eru skemmtilegar gönguleiðir við Zeller-vatn í fallegu alpaumhverfi. Þarna verður gist í eina nótt á *Hotel der Schütthof*. (Akstur 180 km, u.þ.b. 3-4 tímar)

Sunnudagur 11. ágúst

Ekið frá Zell am See suður á bóginn gegnum Slóveníu til Opatija í Króatíu. Þetta er litill strandbær (12.000 íbúar) við Kvarnerflóa í Norður-Króatíu. Í miðbænum eru margar fallegar byggingar, þá eru malbikaðir göngustígar meðfram ströndinni þar sem finna má skemmtilega veitingastaði. Þarna verður gist í eina nótt á *Hotel Bristol*. (Akstur 380 km, u.þ.b. 7-8 tímar)

Mánudagur 12. ágúst

Farið frá Opatija suður á bóginn til Biograd na Moru á Dalmatíuströnd við Adríahaf en þar verður dvalið í 5 nætur á góðu hóteli við höfnina, *Hotel Ilirija*. Biograd na Moru (5.600 íbúar) var höfuðborg króatíska konungsveldisins á miðöldum. Þetta er afar falleg strandborg í stórkostlegu náttúruumhverfi. (Akstur 275 km, u.þ.b. 6-7 tímar)

Þriðjudagur 13. ágúst

Friðdagur í Biograd na Moru.

Miðvikudagur 14. ágúst

Dagsferð til gömlu borganna Split (um 200.000 íbúar) og Trogir (um 14.000 íbúar). Split er höfuðborg Dalmatíuhéraðs og næststærsta borg Króatíu. Elsti huti borgarinnar er frá tímum rómverja og hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO frá árinu 1979. Hér bjó Diónetían keisari á fyrri hluta 4. aldar e. Kr. en hann lét reisa mikla höll við ströndina sem stendur að hluta til allt fram á þennan dag en þar búa núna tæplega 2000 manns. Trogir er gömul hafnarborg í um það bil 15 km fjarlægð frá Split. Hún er einnig á heimsminjaskrá UNESCO. (136 km til Split, u.þ.b. 2 tímar)

Fimmtudagur 15. ágúst

Ekið til borgarinnar Zadar (76.000 íbúar). Þar er að finna margar gamlar byggingar og rústir frá rómverska tímanum og feneíska tímanum. Frá borginni er fallegt útsýni yfir til fjölmargra eyja utan við ströndina. (Akstur u.þ.b. 30 km hvor leið)

Föstudagur 16. ágúst

Dagsferð í þjóðgarðinn Krka. Þjóðgarðurinn er stundum kallaður gimsteinn Dalmatíuhéraðs en þar má m.a. finna fallega fossa og vatnasvæði sem tengist ánni Krka. Þarna er gaman að koma og sjá einstaka náttúrufergurð, m.a. yfir 800 gróðurtegundir, svæðið er eingöngu hægt að skoða fótgangandi. Ekið verður með rúttunni inn á svæðið og gengið í rólegheitum. (Akstur 67 km, u.þ.b. 1 tími)

Laugardagur 17. ágúst

Farið frá Biograd na Moru norður á bóginn til Bled í norðvestur Slóveníu þar sem gist verður í tvær nætur á *Sava Hoteli Bled*. Bled (8.200 íbúar) er perla Slóveníu og liggur við Bledvatnið. Bærinn liggur í 500 m. hæð yfir sjávarmáli. Þarna er fallegur kastali sem gaman er að skoða. Á eyjunni í vatninu er lítil falleg Maríukirkja sem á sér langa sögu. (Akstur 422 km, u.þ.b. 10-11 tímar)

Sunnudagur 18. ágúst

Njótum dagsins í Bled. Hægt er að fara með róðrabátum út í eyju, taka göngu kring um vatnið og ganga upp í kastalann og njóta fegurðarinnar á þessum einstaka stað.

Mánudagur 19. ágúst

Kveðjum Bled og öikum gegn um Austurríki til Unterschleißheim í nágrenni München og gistum þar á á *Victor's Residenz-Hotel*. (Akstur 400 km, u.þ.b. 8 tímar)

Þriðjudagur 20. ágúst

Farið út á Franz-Josef Strauss flugvöllinn í München. Brottför til Keflavíkur kl. 14.05. Lending í Keflavík kl. 16.00 að staðartíma. (Akstur 21 km, u.þ.b. 30 mínútur)

Grímsey

Farin verður dagsferð til Grímseyjar sunnudaginn 23. júní nk. Hámarksfjöldi er 100 manns.

Farið verður með rútu frá Akureyri til Dalvíkur þar sem Sæfari fer með hópinn til Grímseyjar. Stoppað verður í 4 tíma og síðan siglt til baka til Dalvíkur þar sem rútan bíður og skilar ferðalöngum til Akureyrar.



Farið verður um eyjuna með hópinn svo að hann sjái sem mest. Gott tækifæri fyrir fjölskyldur að fara og skoða nyrsta hluta Akureyrar.

Ferðin kostar kr. 4.000 á mann, innifalið er allur akstur, sigling og ferð um eyjuna.

Ekkert fæði er inn í þessu verði.

Leiðsögumaður verður til staðar í eyjunni

Eins dags ferðin

Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Iðjufélaga verður farin 27. júní 2019. Farið verður austur í Kelduhverfi og þar snæddur hádegisverður. Síðan farið upp með Dettifossi upp að Grímsstöðum, þaðan farið í Mývatnssveit og að lokum til Akureyrar. Kaffi verður drukkið á Stórutjörnum. Margir merkilegir staðir verða heimsóttir í ferðinni.

Ferðin kostar kr. 6.000 á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofum félagsins, sími 460 3600 eða netfangið ein@ein.is, frá fimmtudeginum 3. janúar 2019. Þá verður hægt að skrá sig í utanlandsferðina og í ferðina út í Grímsey. Athugið að síðar verður auglýst hvenær byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.

Verslaðu jólagjöfina í vefverslun Advania

vefverslun.advania.is



Ferð Einingar-löju til Austurríkis 2018

Árla dags fimmtudaginn 9. ágúst mættu í flugstöð Leifs Eiríkssonar 49 félagsmenn Einingar-löju, makar og gestir þeirra á aldrinum 39 til 85 ára og var ferðinni heitið til Austurríkis. Á vellinum bættust í hópinn hjónin Sveinn og Margrét frá Tanna-Travel en Sveinn hefur löngum verið bílstjóri í ferðum Einingar-löju en var núna fríi. Hluti hópsins kom með rútu kvöldið áður og gisti B&B Guesthouse, aðrir komu á eigin vegum til flughafnarinnar.

Eftir smá seinkun var skundað eftir landganginum um borð í Þingvöll en það var nafnið á Ícelandair flugvélinni sem flaug með okkur til München þar sem Harpa Hallgrímsdóttir leiðsögumaður tók á móti okkur. Þaðan var ekið meðfram þýskum máis- og kornökkrum áleiðis til Zell am See í Austurríki, vinalegs bæjar með um 9.500 íbúa. Ferð sem tók rúmar fjórar klukkustundir með klukkustundar neyslulhléi fyrir ferðalangana.

Zell am See stendur við samnefnt vatn sem er 4 km langt og 1,5 km breitt. Það er allt að 68 metra djúpt og er í 750 metra hæð yfir sjávarmáli. Á veturna frýs vatnið alveg og er notað til vetraríþróttar. Vatnið er mjög tært og hentugt fyrir sund eða köfun, en getur verið kalt. Harpa leiðsögumaður fræddi okkur um allt sem fyrir bar og var nákvæm og talnaglög. Margt af þessu var merkilegt, jafnvel stórundarlegt og settist í minnið. Var þá fyrsta vísan í ferðinni til.

*Austurríki er í svo miklum halla
að ekki er hægt að brynna kúm í dalla.
Við fjallavötn er samfelld sæld og friður
68 km niður.*

DHH

Föstudagurinn rann upp með þungbúnu veðri, lágskýað og rigning öðru hvoru og var fyrirhugaðri dagskrá frestað. Þess í stað var skropið með kláf upp á Gasthof Mittelstation í 1.320 m hæð. Síðan var farið í siglingu um Zell am See vatnið. Zell am See er í raun tvö bæjarhverfi, það er gamli bærinn og Zell am See Súð þar sem við gistum á hóteli Latini. Frjálsi tíminn var nýttur í gamla bænum og voru leigubílar eða strætó notaðir til að koma sér til baka á hótelið. All nokkrir tóku strætisvagninn og jók það heldur á öryggi manna að komast ætti klakklaust á leiðarenda þar sem Svenni sat aftan við bílstjóran. Samt sem áður varð þessi fimm mínútna ferð á milli bæjarhlutanna aðeins lengri en planað var. Vagninn ók um ókunnar

slóðir og því var útsýnisins notið á meðan og eftir um klukkutíma akstur var stigið út úr vagninum á réttum stað og gengið heim á hótelið.

Á einu veitingahúsinu fengum við óvenjulegan súpuðisk.

*Ég er ekki fyrir gálaust gisk,
gaman finnst mér stundum samt að þæla.
Ég fékk súpu í svo djúpan disk
að dýpið þyrfti Hörpu til að mæla.*

DHH

Dagsferð var farin til menningarhöfuðborgarinnar Salzburg á laugardeginum. Salzburg er oft nefnd barokkborgin, Wolfgang Amadeus Mozart var fæddur þar árið 1756. Á leiðinni var komið við í Arnarhreidrinu, en það var Martin Bohrmann sem lét reisa húsið sem afmælisgjöf frá ríkinu til Hitlers á 50 ára afmæli hans. Um tíma hélt fólk, að húsið ætti að verða grafhýsi Hitlers. Líklega var það reist til að þjóna persónulegum duttlungum Bohrmanns. Hann var stöðugt að reyna að koma sér í mjúkin hjá foringjanum. Bohrmann valdi tindinn Kehlsteins (1.834 m) sem byggingarstað. Þeim fannst líka mikið til útsýnisins af tindinum koma.

Sunnudagurinn var notaður til að fara í kláf um upp á Kitzsteinhorn sem er í 3.029 metra hæð og stórfenglegs útsýnis notið. Síðan var ekið áleiðis að skiptistöð til að komast að virkjunarlóni í Kaprun sem er í 2.040 metra hæð. Eitthvað könnuðust sumir við leiðina enda sú

sama og farin var í vagninum á föstudeginum. Farið var í kláf sem tók 185 manns og ekið um sjö jarðgöng að virkjunarlóninu.

Harpa var ekki bara afburða leiðsögumaður, hún var einnig afskaplega hjálpsöm. Eitt sinn þurfti hópurinn á snyrtingu og var orðinn dálítið tæpur. Þarna var gjaldhlið og var tímafrekt að setja nákvæma upphæð í þrönga rifu til að fá aðgang. Harpa fór þá að hjálpa til og skammtaði líka fyrir menn í rifuna.

*Að hliðinu menn hópuðust í keng
og Harpa setti peninga í raufina
en fyrst á þeim sem fremstir voru í spreng
hún flytti sér að opna buxnaklaufina.*

DHH

Á mánudeginum var farið frá Zell am See áleiðis til Seefeld í Tírol. Á leiðinni var stoppað í Bierol í Schwoich hjá gestgjafanum Caroline Bichler. Staðurinn er vanalega lokaður á mánudögum en hún opnaði hann sérstaklega fyrir okkur með heitri gúlassúpu, þó heitt væri úti, og bjór. Heitið á bjórnum er Schwoicher Helles en þarna framleiða þeir alls átta mismunandi tegundir af bjór. Sá sem tók á móti okkur fyrst og spilaði fyrir okkur á harmóníku heitir Sebastian Eberbach og er stjórnandi karla-kórsins í Schwoich sem heitir Sängerrunde Schwoich kórinn, en kórinn er 130 ára gamall. Síðan kom Martin Lengauer-Stockner (þessi með fallegu röddina) fyrrverandi formaður kórsins, en hann rekur eitt stærsta fyrirtækið í Schwoich. Hann bauð hópnum upp á peru-





snaps sem er 48% sterkur og agalega vondur að sumra mati. Síðan kom núverandi formaður kórsins Jóhann Harlander, kallaður Hansi, bassi í kórnum, og sungu þeir fyrir okkur nokkur lög. Loks kom Anne eiginkona Martins. Kveðjulaði sem Sebastian spilaði á harmonikuna var Gullnu vængir, en áður höfðum við ferðafélagarnir sungið Á sprengisandi.

Þriðjudagurinn var notaður til dagsferðar til Innsbruck með viðkomu í Swarovski safninu. Fyrirtækið var stofnsett í Tírol árið 1895 en þeir eru stærstu skartgripaframleiðendur í heiminum í dag. Meðal þekktara einstaklinga sem hafa notað þeirra framleiðslu eru Michael Jackson,

JLo, Beyonce, Katy Perry, Lady Gaga, Pink og Heidi Klum.

Björn formaður stjórnaði öllu með röggsemi, fór fremstur og ruddi erfiðleikum úr vegi. Í bílnum var hann duglegur að rukka það sem hann sagðist hafa borgað fyrir okkur og safnaði þá í sekk.

*Enn man ég vorin með indæla for
er ösluðu leðjuna trukkar.
Í gólfinu á rútunni greina má spor,
þar gengur hann Bjössí og rukkar.*

DHH

Farið var í stutta dagsferð á miðvikudeginum til Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi þar sem við skoðuðum m.a. skíðastökkpallinn sem keppt var á Vetrarólimpiuleikunum 1936. Eftir síðustu fimm rétta kvöldmáltíðina á hóteli St. Peter sem við gistum á í Seefeld kvaddi þjónninn okkur með mörgum fögrum orðum og bauð upp á snaps í kveðjuskini.

Ólygnir sögðu söfnunarsekk Björns miklum mun þyngri við heimför en brottför frá Íslandi.

*Safnast menn í sumarfrí
með sína bestu vini.
Formaðurinn fór þó í
fjáröflunarskyni.*

DHH

Hótelíð var síðan yfirgefið snemma morguns fimmtudagsins 16. ágúst og haldið heim á leið með flugvélinni „Þingvellir“ og lentum við um kl. fjögur á Fróni. Ánægjuleg og góð ferð var þá á enda.

*Þetta hripaði á blað Þorsteinn E. Arnórsson.
Um kveðskap sá Davíð Hjálmar Haraldsson.*



*Óskum starfsfólki
og viðskiptavinum
gledilegrar jólahátíðar
og þökkum samfylgdina
á árinu sem er að líða*



„Ég fer yfirleitt
í bankann í
appinu“



LÝSA – vel heppnuð hátíð um samfélagsmál

LÝSA – rokkhátíð samtalsins var haldin á Akureyri dagana 7. og 8. september sl. Dagskrá hátíðarinnar var mjög fjölbreytt og mikill fjöldi áhugaverðra viðburða, alls yfir 50 talsins.

Eining-löjja ásamt Alþýðusamband Íslands og fleiri aðildarsamtök þess tóku virkan þátt í LÝSU, voru með stórt svæði var sem hægt var að fá upplýsingar og nálgast upplýsingaefni og buðu upp á áhugaverða viðburði. Samtök iðnaðarmanna skipulögðu viðburð með heitinu „Verður iðnaðarmaður framtíðarinnar RÓBÓTI?“. Þá skipulagði Eining-löjja í samstarfi við ASÍ sófaspjall, þar sem

fluttur var dans og tónlist“. Starfsgreinasamband Íslands í samstarfi við ASÍ skipulagði „Pub-quiz verkalýðsins.

Loks skipulagði Alþýðusambandið viðamikla dagskrá með heitinu „Hvernig er að vera útlendingur á íslenskum vinnumarkaði?“. Þar voru flutt erindi m.a. um rannsókn á reynslu kvenna af erlendum uppruna af íslenskum vinnumarkaði, verkefni ASÍ og aðildarsamtakanna „EINN RÉTTUR-EKKERT SVINDLI!“ og um húsnæðismál erlends launafólks á Íslandi. Þá skýrði útlendur verkamaður frá ömurlegri reynslu sinni af brotum sem hann varð fyrir af hálfu íslensks atvinnurekanda.



Nýr framkvæmdastjóri SGS

Flosi Eiríksson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands.

Flosi býr að víðtækri reynslu úr atvinnulífinu en hann er húsasmiður og viðskiptafræðingur að mennt. Undanfarin ár hefur hann starfað hjá Íslandsstofu við fræðslu og ráðgjöf. Áður starfaði hann m.a. hjá ráðgjafarfirmunum KPMG um 10 ára skeið og sem húsasmiður hjá ýmsum aðilum.

Flosi býr einnig að fjölbreyttri reynslu af félagsmálum, m.a. setu í bæjarstjórn Kópavogs frá 1998 til 2010 auk setu í ýmsum nefndum og ráðum fyrir sveitarfélög og ráðuneyti. Þess utan hefur hann tekið þátt í margvíslegu öðru félagsstarfi.

Ráðningarkerfið var í höndum Capacent en alls bárust 17 umsóknir um stöðuna.

Eining-löjja býður Flosa velkominn til starfa og óskar honum velfarnaðar í störfum sínum fyrir sambandið.



Vinnustaðafundir



Á hverju ári fara starfsmenn félagsins á fjölmarga vinnustaðafundi á félagssvæðinu, en samkvæmt kjarasamningnum eiga starfsmenn rétt á að halda tvo fundi á ári á launum á sínum vinnustað, klukkutíma í senn. Slíkir fundir verða þó að vera í samráði og með leyfi yfirmanna.

Um miðjan nóvember fór einn slíkur fram í Giljaskóla á Akureyri en á fundinn mættu þau Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, og Hafdís E. Ásbjarnardóttir, lögfræðingur og þjónustufulltrúi hjá félaginu. Ekkert þarf að vera að á vinnustaðnum til að halda svona fund. Það

er mjög mikilvægt að hitta félagsmenn, gefa upplýsingar og ekki síður að svara fyrirspurnum frá þeim. Oftast eru það formaður og/eða varaformaður félagsins sem mæta á slíka fundi en einnig er hægt að óska eftir að fulltrúi frá Virk starfsendurhæfingarsjóði mæti líka.

Þeir sem áhuga hafa á að halda vinnustaðafund er bent á að hafa samband við félagið í síma 460 3600 eða senda póst á bjorn@ein.is eða annajul@ein.is.

Íbúð á Spáni

í boði sumarið 2019

Sumarið 2018 var í boði nýr orlofskostur fyrir félagsmenn, íbúð á Spáni, og voru viðtökurnar það góðar að ákveðið var að bjóða upp á þessa íbúð á ný næsta sumar. Um er að ræða efri sérhæð í glænýjum íbúðarkjarna í Lomas de Cabo Roig hverfinu sem er í um 30 mín. fjarlægð frá Alicante, á svæði sem heitir Casa Tarife. Í boði verða níu leigur, tvær vikur í senn, og verða skiptidagar á fimmtudögum. Verð fyrir tvær vikur er kr. 90.000, auk þrífagjalds sem borgað er á staðnum. Leiga hefst 24. maí og mun standa til 27. september.



ATHUGIÐ! Umsókn þarf að skila til félagsins fyrir 1. febrúar 2019, rafrænt í gegnum félagavefinn sem finna má á www.ein.is. Úthlutun verður lokið nokkrum dögum síðar. Hægt er að skrá sig inn á félagavefinn með rafrænum skilríkjum eða veflykli. Ef þú hefur ekki virkjað rafræn skilríki eða fengið veflykil frá félaginu þá þarftu að sækja um aðgang að félagavefnum og fá sendan veflykil heim.

Íbúðin er mjög vel búin, gólfhiti er í húsinu og loftkæling í báðum herbergjum og stofu. Rúmgóð verönd er fyrir framan húsið og þaðan er gengið upp í íbúðina sjálfa sem er öll á einni hæð. Svalir eru út frá stofu og eldhúsi og þaðan er síðan gengið uppá stórar einka þaksvallar sem eru yfir öllu húsinu, þar eru sólbekkir, útihúsgögn, gasgrill, kolagrill, markísa og æðislegt útsýni. Fallegur sundlaugargarður er inná milli húsanna og hverfið er mjög rólegt og gott. Matvöruverslunin ALDI og veitingastaðir eru í göngufæri og stutt að skreppa á ströndina, á fimmtudagsmarkaðinn, í La Zenia mallið og niður á göngugötuna í Cabo Roig.

Frekari upplýsingar um íbúðina og svæðið og fleiri myndir má finna á vef félagsins, www.ein.is



Gleðilega hátíð

Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

 ásprent

Frábær dagsferð fyrir aldraða félagsmenn

21. júní sl. var farið í árlega dagsferð fyrir aldrað Einingar-Íðjufólk, en þá fóru um 50 félagsmenn og makar með í hringferð um Tröllaskaga.

Ekið var af stað klukkan 9:00 frá Alþýðuhúsinu á Akureyri í sól og blíðu og var stefnan tekin á Fjallabyggð. Ákveðið var að beygja út af Þjóðvegi 1 við Hlíðarbæ og aka „Skottið“ svokallaða. Í Ólafsfirði var tekið stutt „sjoppustopp“ en svo var ekið til Siglufjarðar þar sem Síldarminjasafnið var skoðað. Að því loknu var snæddur mjög góður hádegisverður á Sigló hóteli.

Áfram var haldið og var næst stoppað á Hofsósi þar sem Vesturfarasetrið var heimsótt. Á leiðinni þangað kom smá bleyta að ofan en þurrt var er komið var á Hofsós, þó var óþarflega mikill hraði á logninu. Hólar voru næst á dagskrá þar sem Hóladómkirkja var skoðuð. Þar tók Gylfi Jónsson staðarhaldari á móti hópnum og stiklaði á stóru um sögu jarðarinnar og kirkjunnar.

Ekið var í gegnum Sauðárkrók og í Varmahlíð þar sem drukkið var síðdegiskaffi á Hótel Varmahlíð, en að því loknu var ekið heim til Akureyrar á ný.

Leiðsögumaður dagsins, Bragi Guðmundsson, var alveg frábær en hann var uppfullur af margvíslegum og skemmtilegum fróðleik um það sem fyrir augu bar á leiðinni. Ársæll bílstjóri fékk líka gott lófaklapp í lok ferðar. Frábær dagur með enn betra fólki. Takk fyrir samfylgdina.

Búið er að ákveða dagsferð næst árs. Fimmtudaginn 27. júní 2019 verður farið austur í Þingeyjarsýslu og Dettifosshringurinn ekinn, með mat og kaffi eftir þörfum.



Veistu hvað við getum gert fyrir þig?

Do you know what we can do for you?
Вы знаете, что мы можем сделать для вас?
¿Sabes lo que podemos hacer por ti?
Ved du, hvad vi kan hjælpe dig med?
Wissen Sie, was wir für Sie tun können?
Czy wiesz co możemy dla Ciebie zrobić?

EINING-ÍÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is
Skípagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyragötu 24b Fjallabyggð

Veistu hvað...? á sjö tungumálum

Félagið er búið að gefa út bæklinginn „Veistu hvað við getum gert fyrir þig?“ á sjö tungumálum, íslensku, dönsku, ensku, pólsku, rússnesku, spænsku og þýsku. Nú er unnið að því að þýða hann á tvö tungumál í viðbót, á tælensku og arabísku. Bæklingana má fá á skrifstofum félagsins en einnig má finna þá á heimasíðunni, www.ein.is

Í þessum bækling er m.a. fjallað á stuttan hátt um sjúkrasjóðinn, orlofsjóðinn og fræðslusjóðinn. Svarað er spurningunni „Af hverju stéttarfélag?“. Fjallað er

um trúnaðarmenn og til hvers þeir eru. Útskýrt hvað kjarasamningur er og sagt frá hverjir helstu kjarasamningar félagsins eru. Þá er sagt frá hvað félagsgjaldið færir viðkomandi og útskýrt er félagsfrelsi, en launamönnum er frjálst að standa utan stéttarfélaga, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Þá eru þeir aukafélagar þar sem vinnuveitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir kjarasamningnum félagsins. Aukafélagar borga en hafa engin réttindi! Borgar það sig?

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár

HVAMMUR
FASTEIGNA/SKIPASALA

SBA-NORÐURLEIÐ



PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
TÖLVUÞJÓNUSTA
TÖLVUSALA
VIÐGERÐIR
PRENTUN - ÚTGÁFA - PAPPÍR - VERSLUN

Deloitte.

www.deloitte.is

nettó



SÓLSKÓGAR ehf.

Þar sem fagmennirnir eiga heima

form ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

KAUPANGI v/MYRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099

Landsmennt
www.landsmennt.is

Sveitamennt
www.sveitamennt.is

Ríkismennt
www.rikismennt.is

GEIMSTOFAN
AUGLÝSINGASTOFA / SKILTAGERÐ

AKUREYRARAPÓTEK
Kaupangi v/Mýrarveg | Kt. 690610-1320 | S. 460 9999 | Fax 460 9991

Grýtubakkahreppur

Lin
DESIGN

Kaldi
• ARSKÓGSSANDUR •
2008

TDK

TDK Foil Iceland ehf



SAMHERJI HF

afé

ATVINNUPRÖLUNARFÉLAG
EYJAFJARÐAR

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

EYJAFJARÐARSVEIT

**BÓKHALDSPJÓNUSTAN
HRINGUR**

RAFEYRI
alltaf í stúdi!
LÖGGILTIR RAFFVERKTAKAR

Búfesti
HÚSNÆÐISSAMVINNUFÉLAG

[RUB23]
RESTAURANT
FISH - MEAT - SUSHI

B BAUTINN
- Restaurant since 1971 -

**ÆVAR & BÓAS
DALVÍK**
466 1597 • 898 3345

FLUGKAFFI
Akureyrarflugvelli

Fjallabyggð

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
Móldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

saeplast

Miscellaneous information

Why have Trade unions?

The role of trade unions is first and foremost to conduct negotiations on wages and other work related conditions in the agreements on behalf of their members and to look after their interests on the labour market.

MAKE SURE THAT YOUR RIGHTS ARE IN ORDER

PLEASE NOTE! It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-löja, tel. 460 3600, if you need assistance. www.ein.is

December bonuses

Eining-löja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as full-time employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus.

According to the wage contract concluded with the Municipal Wages and Salaries Commission, the December bonus is kr. 113,000.

According to Eining-löja contracts with the State, however, and wage and salary contracts on the general labour market, the bonus is kr. 89,000. State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.

Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-löja that they have six good holiday options outside the con-



ventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafjarðarsveit, Svignaskarð in Borgarfirði and Einarstaðir Fljótshálsa as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík/Kópavogur and Egilsstaðir. The autumn and winter rents cover the period from 1 September to 1 June.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Health fund

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example it is possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 370,000.

The payments for the membership in a gym are about 35% of the bill, highest kr. 23,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 50,000 every three years. Payments for buying hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 60,000 every three years.

Please remind!

Meetings of the administrative council of the health fund Eining-löja is held once a month. Cases which have to be decided about in the

meeting have to be brought to the office at last every 27th of each month. Requests for all payments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy, massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

Study grants!

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-löja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-löja urges its members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds Landsmennt (landsmennt.is), Sveitamennt (sveitamennt.is) and Ríkismennt (rikismennt.is).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 100,000 per year although it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work. Union members can also apply for grants relating to courses undertaken in their free time or as hobbies. Such courses are supported to the tune of 75% of total cost as long as the amount does not exceed kr. 30,000. Please note that free time/hobby grants are deducted from the total individual grant.

Members who have not used their right of fund for the last three years, are entitled to a grant of up to 300,000 for one continuous study/course compared to the Fund's policies.

Travel costs for the study can most become 100,000 as part of the training/course cost in this case. The increase in stored rights took effect 1. January 2018.

Grants for Icelandic language study

Members who have a different native language can apply for a refund of up to 75% (Landsmennt) or up to 90% (Ríkismennt and Sveitamennt) for the cost of an Icelandic language course, providing they have been members for at least 1 month.

The Eining-löja home page www.ein.is presents leaflets from Landsmennt which have been translated into English, Spanish, Thai and Polish. Also leaflet in English from Ríkismennt.





Konur taka af skarið! Akureyri

Það var líf og fjör laugardag 10. nóvember sl. í sal Einingar-löju á Akureyri þar sem konur á Norðurlandi hittust til skrafs og ráðagerða. Tilfnið var námskeiðið „Konur taka af skarið!“ sem AkureyrarAkademían, Jafnréttisstofa, Starfsgreinasambandið og JCI Sproti standa fyrir. Verkefnið fékk styrk úr Jafnréttissjóði Íslands og er markmið þess að hvetja konur til þátttöku og áhrifa innan verkalyðshreyfingarinnar.

Viðamikil dagskrá var á námskeiðinu sem er hugsað sem samræðuvettvangur þar sem eru innlegg um ákveðin málefni koma frá fyrirlesurum en þátttakendur miðla af sinni viðamiklu reynslu og þekkingu ekki síður en fyrirlesararnir.

Dagskráin hófst á því að Katrín Björg Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, hélt erindi um kynjakerfið undir yfirskriftinni „Að bjóða kynjakerfinu birginn“. Næst fjallaði Drífa Snædal, forseti ASÍ, um stöðu verkalyðsbaráttunnar í dag og lýsti uppbyggingu verkalyðsfélaganna. Viktor Ómarsson, hjá JCI Sproti, sá um leiðtogabjálfun og fjallaðu um hvernig er hægt að hafa áhrif og koma sínu á framfæri. Viktor fékk þátttakendur í margskonar æfingar og verkefni sem reyndu á. Síðasti hluti námskeiðsins var í höndum Drífu Snædal sem ræddi við þátttakendur um sína reynslu af því að vera kona og starfa innan verkalyðshreyfingarinnar.

Bergljót Þrastardóttir, stjórnarformaður AkureyrarAkademíunnar var fundarstjóri.

Námskeiðið var fyrsta námskeiðið af sex en samskonar námskeið verða haldin á næstunni á Egilsstöðum, Selfossi, Reykjavík, Ísafirði og Borgarnesi. Námskeiðin eru opin öllum konum sem eru félagar í Starfsgreinasambandi Íslands eða í starfsmannafélögum Sveitafélaganna, þeim að kostnaðarlausu.

Eitt kort
34 vötn
7.900 kr
www.veidikortid.is

VEIDIKORTID
2019

VEIDIKORTID
2019

00000

Kynnið ykkur sértílboð til félagsmanna á skrifstofu

EFLING
STÉTTARFÉLAG

*Óskum starfsfólki okkar
og viðskiptavinum
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári*

**FERÐASKRIFSTOFA
AKUREYRAR**

Strandgata 3 - 600 Akureyri

*Bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt komandi ár*

AKUREYRI

*Bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt komandi ár*

BÚTUR
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
AKUREYRI

Njarðarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401

Erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði og verkalyðshreyfingin

Rannveig Gústafsdóttir, verkefnastjóri afmarkaðs rannsóknarverkefnis hjá SGS og meistaranemi við Háskólann á Akureyri vann sl. sumar og haust að rannsóknarverkefni um konur af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði sem Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir. Þrjú aðildarfélög Starfsgreinasambandsins lögðu fram aðstoð við vinnslu rannsóknarinnar, Eining-Iðja, Efling og Bárán.

Rannveig sagði að kveikjan að verkefninu hefði verið #metoo byltingin sem kom fram síðasta vetur. „Í rannsókninni var þó ákveðið að einblína ekki sérstaklega á erlendar konur sem höfðu orðið fyrir brotum á vinnumarkaðnum heldur að athuga hvort stéttarfélagin á Íslandi gætu stutt betur við konur af erlendum uppruna og styrkt þar með þátttöku þeirra á vinnumarkaðnum.“

Eigindleg rannsókn var framkvæmd þar sem voru settir saman fjórir rýnihópar sem samanstóðu af konum af erlendum uppruna. „Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að



Rannveig kynningu niðurstöður rannsóknarinnar.

þeir félagsmenn sem þekktu til stéttarfélaganna voru almennt ánægðir með þá þjónustu sem stéttarfélagin veita. Það sem þarf að athuga frekar eru gæði íslenskunámskeiða og leggja þarf frekari áherslu á tölvunámskeið fyrir fólk af erlendum uppruna með tillit til þess að flest sem viðkemur íslensku samfélagi fer fram í gegnum internetið. Auk þess kom fram mikilvægi trúnaðarmannsins. Í ljósi þess að Ísland í

dag er fjölmenningarsamfélag er mikilvægt að upplýsingar stéttarféлага komi fram á fleiri tungumálum en íslensku,” sagði Rannveig og bætti við að niðurstöður rannsóknarinnar gagnast erlendum einstaklingum af báðum kynjum og væri áhugavert að framkvæma sömu rannsókn fyrir karlmenn af erlendum uppruna til viðmiðunar.

Við erum ekki á matseðlinum!

Um þessar mundir stendur Starfsgreinasamband Íslands, í samstarfi við systursamtök sín á Norðurlöndunum, fyrir árlegri herferð undir yfirskriftinni #notonthemenu, eða „Við erum ekki á matseðlinum.“

Tilgangur herferðarinnar er að vekja athygli fólks á því hversu sorglega algengt það er að fólk í þjónustustörfum verði fyrir kynferðislegri áreitni í

sínum störfum og jafnframt hvetja almenning til að sýna starfsfólkinu þá virðingu sem það á skilið.

Um helmingur kvenna starfandi í þjónustugreinum verða fyrir áreitni á vinnustað af hendi viðskiptavina, samstarfsfélaga, birgja eða yfirmanna, um fjórðungur karla verður fyrir slíkri áreitni. Konur upplifa skerta öryggis-tilfinningu vegna áreitninnar en hún virðist ekki að sama skapi hafa áhrif á karla sem verða fyrir áreitni. Að koma í veg fyrir áreitni á vinnustöðum er því öryggismál og ber að fara með eins og önnur vinnuverndarmál. Norræn samtök starfsfólks í hótél- og veitingagreinum hafa nú skorið upp herör gegn áreitni og fyrir öryggi starfsfólks undir yfirskriftinni „Við erum ekki á matseðlinum!“. Ofbeldið getur verið táknrænt (myndir, senda skilaboð o.s.frv.), orðbundið (persónulegar spurningar, óviðeigandi athugasemdir o.s.frv.) eða líkamlegt (snertingar, þukl eða beint ofbeldi). Það er fyrst og fremst á ábyrgð atvinnurekenda að búa starfsfólki öruggt vinnuumhverfi en við þurfum öll að axla ábyrgð ef við verðum vitni að áreitni.

Atvinnurekendum ber skylda til að útbúa áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og þeim ber að bregðast við eins fljótt og auðið er ef kvartanir berast um áreitni eða ofbeldi.

Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni eða ofbeldi eða hefur rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað skal upplýsa atvinnurekanda og/eða vinnuverndarfulltrúa um það.

Félagar í stéttarfélagum geta alltaf leitað ráða hjá félaginu sínu og fengið þar stuðning.

#notonthemenu



Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits - verkefnið framlengt

Í nóvember var ákveðið að framlengja samning um þjónustu vinnustaðafulltrúa fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Verkefnið hófst sem tilraunaverkefni 1. maí 2016 til 18 mánaða en hefur gengið það vel að það var nú framlengt í annað sinn. Samningurinn var nú framlengdur til ársloka 2019 og mun Vilhelm Adolfsson því áfram sinna starfi Verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits.

Frá því hann var ráðinn 1. maí 2016 hefur hann skráð rúmlega 2.773 einstaklinga, eða um 93 á mánuði, farið í 213 eftirlitsferðir og farið inn í milli 7 til 800 fyrirtæki. Í hverri ferð hefur hann skráð að meðaltali 14 einstaklinga Vilhelm segir að allt taki þetta tíma því það þarf einnig að vinna úr þessum upplýsingum. „Það þarf að kanna hvort menn séu skráðir í þau félög sem þeir segjast vera í, og svo þarf að athuga í hvaða félagi fólk er, ef það veit það ekki sjálf. Málin sem hafa komið upp í þessum eftirlitsferðum eru misjafnlega alvarleg, flest eru leyst með aðkomu þeirra stéttarféлага sem í hlut eiga. Svo hafa komið upp nokkur alvarleg mál sem hefur þurft að vísa til lögreglu.“

Frá upphafi hafa 14 stéttarfélög sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra staðið að verkefninu, en verða einungis 13 frá og með næstu áramótum þegar nýi samn-



Vilhelm Adolfsson.

ingurinn tekur gildi. Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrennis ákvað að hætta þátttöku í samstarfinu.

Ánægjulegt að samstarfið haldi áfram

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að það sé ánægjulegt að þetta samstarf haldi áfram, þó örli til breyting hafi orðið á baklandinu. „Það hefur sannað sig að þetta starf er nauðsynlegt og það að svona margir aðilar standi að baki eftirlitsfulltrúans gerir það mun öflugara en ella. Eins og áður hefur komið fram

á opinberum vettvangi þá viðgengst því miður ýmis brotastarfsemi á vinnumarkaði, ekki síst gagnvart erlendu launafólki. Það er skylda okkar að sjá til þess að réttur þeirra sé virtur og erum við meðal annars að reyna það með þessu verkefni. Frá því þetta samstarfsverkefni hófst eru fyrirtæki í mun meira mæli farin að leita til stéttarfélaganna eftir upplýsingum og tel ég að með því vilji þau hafa hlutina í lagi. Það er líka minni óvissa hjá mörgum aðilum í dag hvernig eigi að standa að hlutunum þar sem eftirlitsfulltrúinn er mikið á ferðinni, en auk eftirlitsins getur hann líka gefið leiðbeiningar. Sem betur fer eru flestir með allt í lagi en hinir gera það að verkum að svona eftirlit er nauðsynlegt.“

Eftirfarandi 13 stéttarfélög sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra standa að verkefninu: Eining-löja, sem ber ábyrgð á verkefnastjóranum, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Byggið - Félag byggingamanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, Aldan-stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Lónsveinafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Félag leiðsögumanna, VM Félag vélstjóra og málmteknimanna, MATVÍS, matvæla og veitingafélag Íslands, Félag iðn- og tæknigreina og Félag hársnyrtisveina.

Viltu gefa harðan pakka um jólin?

Nú er hægt að kaupa eintak af þessu glæsilega riti á skrifstofum félagsins á sérstöku jólatilboði.

Verð bókar í desember er einungis kr. 8.000.



Jón Hjaltason

Til starfs
og stórra sigra
Saga Einingar-löju 1906-2004

VIRK í 10 ár

Í ár eru 10 ár frá stofnun VIRK, en í kjarasamningum í febrúar árið 2008 sömdu ASÍ og SA um stofnun endurhæfingarsjóðs í framhaldi af umræðum um nokkurra ára skeið um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar.

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, var fyrsti fastráðni starfsmaður sjóðsins en hún hóf störf 15. ágúst 2008. „Þá var búið að skipa í stjórn, skipulagsskrá lá fyrir og Soffía Vernharðsdóttir hafði tekið að sér að sjá um praktísk mál er varða bókhald og fjármuni fyrstu vikurnar. Í byrjun árs 2009 komu síðan opinberir atvinnurekendur og stéttarfélög opinberra starfsmanna að VIRK sem stofnaðilar og varð VIRK þá fyrsta stofnunin sem allir helstu aðilar íslensks vinnumarkaðar stóðu saman að. Samstarf allra þessara ólíku aðila innan VIRK hefur alltaf verið með miklum ágætum og innan stjórnar VIRK hefur aldrei þurft að koma til atkvæðagreiðslu til að skera úr um mismunandi sjónarmið heldur hafa menn ætíð náð sátt um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið.“

Vigdís segir að í upphafi var starfið eðlilega lítt mótað. „Til staðar voru ákvæði í kjarasamningum aðila á vinnumarkaði og upphafleg skipulagsskrá VIRK sem tilgreindi í tveimur greinum helstu markmið og hlutverk. Ég fékk lánaða eina skrifstofu hjá ASÍ, keypti fartölvu fyrsta daginn í starfi og hóf að skipuleggja starfið.“

Hún segir að hún hafi þá þegar verið farin að tala við fagfólk í leit að fyrstu starfsmönnum auk þess að lesa sér til um starfsendurhæfingu og framkvæmd hennar í löndunum í kringum okkur. Starfið var hins vegar alveg ómótað sem og öll praktísk mál er varða upp-



F.v. Ásta Sölvadóttir, verkefnastjóri hjá VIRK, Nicole, Svana, Helga Pyri, Elsa og Vigdís.

byggingu á nýrri stofnun með mikið og stórt hlutverk.

Lítill tilraunaverkefni

„Fyrstu starfsmennirnir komu til starfa haustið 2008 og í upphafi árs 2009 fórum við af stað með lítill tilraunaverkefni í samstarfi við nokkur stéttarfélög, þar á meðal Einingu-löjlu, þar sem fyrstu ráðgjafarnir fóru að taka á móti einstaklingum í þjónustu. Á árinu 2009 bættust síðan í hópinn fleiri ráðgjafar og þá var farið í það að semja formlega við stéttarfélög eða samtök stéttarfélaganna um allt land um þjónustu sérhæfðra ráðgjafa í starfsendurhæfingu.“

Í upphafi var farin sú leið að hefja starfsemi fljótt jafnvel þó ýmsir innviðir væru ekki fullbúnir eða verkferlar fullmótaðir. Ástæðan var margþætt. Það er ómögulegt að sjá alla hluti fyrir í upphafi og mikilvægt er að fá tækifæri til að prófa sig áfram og læra af reynslu. Einnig skipti það máli að ég var að stíga fyrstu skrefin með VIRK á sama tíma og efnahagshrunið varð á árinu 2008. Aðstæður kölluðu því á hraða uppbyggingu því ljóst var að þær þrengingar sem samfélagið gekk í gegnum á þessum tíma myndu kalla á aukna þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og sú varð líka raunin.

Fljótlega varð ljóst að mikil þörf var fyrir þessa þjónustu og við höfum þessi fyrstu 10 ár oftast verið í stöðugu kapphlaupi við að ná að anna eftirspurn eftir þjónustunni á sama tíma og við erum að móta starfið og skilgreina hlutverk VIRK innan velferðarkerfisins. Sem dæmi um þetta má nefna að heildarföldi einstaklinga í þjónustu jókst um 70% milli árana 2010 og 2013 og á árinu 2013 þá komu um 33% fleiri nýir einstaklingar í þjónustu en árið á undan. Undanfarin ár hefur áfram verið mikill vöxtur í þjónustu VIRK og fjölgaði þjónustuþegum talsvert milli árana 2016 og 2017 og í dag er ekkert lát á eftirspurn eftir þjónustu VIRK og ennþá er unnið að því að þróa starfseminna þannig að unnt sé að ráða betur við eftirspurnina.“

Ráðgjafar á félagssvæðinu

Á Eyjafjarðarsvæðinu starfa núna fjórir ráðgjafar hjá VIRK, **Elsa** sem jafnframt er verkefnastjóri á svæðinu, **Helga Pyri**, **Nicole** og **Svana**. Þær eru starfsmenn Einingar-löjlu, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu. Nicole er með fasta viðveru á skrifstofu Einingar-löjlu á Dalvík á þriðjudögum og Svana á skrifstofu Einingar-löjlu í Fjallabyggð á miðvikudögum.

Elsa er búin að vera með frá byrjun, en í upphafi fór VIRK af stað með tilraunaverkefni í samvinnu við sjúkrasjóði þriggja stéttarfélaganna og var Eining-löjla eitt þeirra og tók Elsa þátt í því.

Mat á árangri

Vigdís segir að það sé flókið að meta árangur starfsendurhæfingar því erfitt er að segja til um afdrif einstaklinganna ef þjónustunnar hefði ekki notið við. „Besta leiðin væri ef unnt væri að bera saman tvo alveg sambærilega hópa þar sem annar fengi þjónustu en hinn ekki. Þessa leið er ekki mögulegt að fara þegar árangur VIRK er metinn því VIRK ber lögum samkvæmt að veita þjónustu til allra um allt land út frá tilteknum faglegum skilyrðum.“

VIRK hefur frá upphafi lagt áherslu á að safna saman gögnum sem geta orðið grunnur að ýmis konar mati á árangri starfseminnar. Dæmi um það er skrásetning á framfærslustöðu og stöðu á vinnumarkaði í upphafi og lok þjónustu, þjónustukannanir og ýmis konar mælingar á liðan einstaklinga í þjónustu. Einnig hefur á undanförunum árum verið skipulega hringt í einstaklinga sem hafa lokið þjónustu og þeir spurðir út í framfærslustöðu sína í allt að þrjú ár eftir lok þjónustu. VIRK hefur einnig fengið Talnakönnun sem utanaðkomandi aðila til að leggja mat á árangur VIRK með tryggingastærðfræðilegum aðferðum. „Óhætt er að segja að niðurstaðan sé í heild sinni mjög jákvæð. Allar mælingar sem gerðar hafa verið á árangri VIRK sýna mjög jákvæða niðurstöðu hvort heldur sem lítið er á liðan og lífsgæði



einstaklinganna eða fjárhagslegan ávinning fyrir einstaklinga og samfélag,” segir Vigdís.

Breytilegar áskoranir og næstu skref

Vigdís segir að margt hafi áunnist á þeim 10 árum sem VIRK hefur starfað. „Það sem mestu máli skiptir er að á sjötta þúsund einstaklingar hafa náð aukinni og oft fullri vinnugetu með aðstoð frá VIRK og flestir af þeim 7.600 einstaklingum sem hafa lokið þjónustu VIRK hafa auk þess náð að bæta heilsu og lífsgæði sín verulega. Þetta skilar sér ekki bara til einstaklinganna sjálfra heldur einnig til fjölskyldu og náinna vina þeirra og til samfélagsins t.d. í formi aukins vinnuafis og meiri framleiðni. Auk þess er líklegt að aukin vinnugeta og betri liðan dragi úr lyfjanotkun og þörf fyrir ýmsa aðra þjónustu innan velferðarkerfisins.“

Starfsemi VIRK hefur einnig orðið til þess að bæði reynsla og rannsóknir á sviði starfsendurhæfingar hér á landi hafa eflst og fleiri og fleiri fagaðilar hafa getað þróað ýmis úrræði og

þjónustu sem hafa aukið getu og lífsgæði einstaklinga um allt land. Hjá VIRK hafa auk þess orðið til mikilvæg gögn og þýðingarmikil þekking sem hægt er að nýta til að bæta þjónustu velferðarkerfisins í heild sinni um allt land. „Til framtíðar þá er mikilvægt að horfa til þess sem hefur áunnist en það er líka jafn mikilvægt að nálgast verkefnið með mikilli auðmýkt og hafa það ávallt í huga að ein rétt leið verður aldrei til. Starfsendurhæfing snýst um að hafa áhrif á einstaklinga í sibreytilegu umhverfi og í samfélagi sem verður aldrei eins frá degi til dags. Besta leiðin í dag er því ekki endilega sú besta á morgun auk þess sem viðfangsefnið er flókið og því getur verið erfitt að mæla árangur nema yfir langan tíma og með aðferðum sem munu alltaf byggja að hluta til á forsendum sem aldrei verða óumdeildar. Starfsendurhæfing krefst stöðugrar þróunar og viðleitni til að skilja betur þarfir einstaklinga og samfélagsins í heild sinni. Því er mikilvægt að það viðhorf sé ávallt til staðar innan VIRK að við getum alltaf gert betur. Við þurfum ávallt að vera tilbúin til að snúa speglinum við og vera gagnrýnin á okkur sjálf en á uppbyggilegan máta. Við þurfum að hafa kjark og þor bæði til að fara nýjar leiðir og til að bakka út úr þeim leiðum sem ekki gáfust vel. Aðeins á þann hátt getum við lært og þróað til gagns fyrir samfélagið og okkur sjálf.“

SÍMEY fékk European Quality Mark (EQM+) gæðavottun

Í lok október fékk SÍMEY afhenta staðfestingu á svokallaðri EQM+ gæðavottun sem tekur til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Vottunin er til þriggja ára og gildir því til loka október 2021.



Starfsfólk SÍMEY og Hildur Bettý Kristjánsdóttir, starfsmaður Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, að lokinni afhendingu staðfestingarskjals á EQM+ gæðavottuninni. Á skjánum má sjá Svein Aðalsteinsson.

Hildur Bettý Kristjánsdóttir, starfsmaður Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, afhenti Valgeiri B. Magnússyni, framkvæmdastjóra SÍMEY, innrammað skjal til staðfestingar á EQM+ vottuninni. Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, var í beinu sambandi við SÍMEY í gegnum fjárfundabúnað. Hann óskaði starfsfólki SÍMEY til hamingju með þennan áfanga og sagði að baki væri viðtækt matsferli og niðurstaðan væri til marks um mikið og gott starf SÍMEY.

Valgeir B. Magnússon sagði við tilefnið það hafa verið gagnlegt og lærdómsríkt fyrir SÍMEY að fara í gegnum matsferlið og að alltaf sé gott að fara í slíka sjálfsskoðun á starfinu. Hann sagði vottunina vera staðfestingu á gæðum starfs SÍMEY og það sé í senn ánægjulegt og mikilvægt.

Árið 2012 fékk SÍMEY EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er viðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

EQM stendur fyrir European Quality Mark og er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottunaraðili hér á landi. Matsferlið hjá SÍMEY, sem hófst á síðastliðnu ári, var í höndum Katrínar Frímansdóttur hjá fyrirtækinu Vaxandi – Ráðgjöf.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið.



Breytum ekki konum, breytum samfélaginu!

Konur lögðu niður vinnu kl. 14:55 miðvikudaginn 24. október sl. til að mótmæla kjaramisrétti, ofbeldi og áreitni á vinnustað. Kjörorð kvennafrísins í ár voru: *Breytum ekki konum, breytum samfélaginu.*

Konur voru hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14:55, eða á þeirri mínútu sem þær hætta að fá greitt fyrir vinnu sína. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands um launamun kynjanna eru konur með 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar. Samkvæmt því hafa konur unnið fyrir launum sínum þegar 5 klukkustundir og 55 mínútur voru liðnar af vinnudeginum í gær, miðað við fullan vinnudag frá klukkan 9 til 17. Daglegum vinnuskyldum kvenna var því lokið klukkan 14:55. Með þessu áframhaldi ná konur ekki sömu launum og karlar fyrr en árið 2047 – eftir 29 ár!

Þetta var í sjötta sinn sem konur á Íslandi lögðu niður vinnu til að mótmæla kynbundnu misrétti. Konur gengu fyrst út 1975, svo 1985, 2005, 2010 og 2016. Þrátt fyrir ítrekuð mótmæli og baráttu kvenna fyrir jöfnum kjörum höfum við ekki enn náð jafnrétti á Íslandi.

#MeToo kvennafrí

Síðustu mánuði hafa sögur af áreitni og ofbeldi

á vinnustað undir myllumerkinu #MeToo sýnt fram á að baráttan fyrir bættum kjörum á vinnumarkaði er ekki aðeins baráttu fyrir betri launum, heldur einnig baráttu fyrir bættum vinnuaðstæðum og öryggi á vinnustað. Það þarf að þrýsta á stjórnvöld og atvinnurekendur um að efla aðgerðir til að koma í veg fyrir og bregðast við kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað. Tryggja verður að atvinnurekendur hafi vinnureglur og verkferla til að bregðast við ofbeldi og misrétti þegar það á sér stað.

Baráttufundir um land allt

Baráttufundir voru skipulagðir á í það minnsta 16 stöðum á landinu, þar á meðal á Ráðhústorginu á Akureyri og í Ungó á Dalvík. Mjög góð mæting var á báðum þessum staði þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins.

Á Akureyri styrði Anna Soffía Víkingsdóttir fundinum og las einnig upp í lok hans yfirlýsingu samstöðufunda kvenna, 24. október 2018, en hana má lesa í heild hér fyrir neðan. Fjórar konur úr heimabyggð fluttu ávörp, þær Þórhalla Þórhallsdóttir, Arnbjörg Jónsdóttir, Serena Pedrana og Berglind Ósk Guðmundsdóttir. Þá flutti Kvinnakór Akureyrar tvö lög, Ekkert mál og Áfram stelpur.

Á Dalvík ávarpaði Björk Hólm samkomuna

og las upp yfirlýsingu kvennafrídagsins. Að því loknu tóku þrjár kjarnakonur úr heimabyggð til máls, þær Sigríður Hafstað, Katrín Sif Ingvarsdóttir og Lenka Uhrova, en Sigríður Hafstað frá Tjörn las ræðu sem hún flutti á Akureyri 1975 þar sem hún var fulltrúi kvenna í sveit þegar fyrsti kvennafrídagurinn fór fram. Kvinnakórinn Salka lokaði svo dagskránni með laginu Áfram stelpur!

Á samstöðufundinum var lesin upp yfirlýsing kvenna á Íslandi á kvennafrídeggi 2018, sem krafðist þess að grundvallarmannréttindi allra væru virt á Íslandi, styttri vinnuviku, lengra fæðingarorlofs og öruggar dagvistunar, aðgerða til að auka hlut kvenna í áhrifa- og valdastöðum, að kvennastörf séu metin að verðleikum bæði í launum og virðingu, að stjórnvöld setji kynjajafnrétti og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi í forgang og sýni stórhug í að taka ákvarðanir til að jafna stöðu kynja og tryggja að fjölbreytileiki samfélagsins fái að njóta sín, sem og jafnréttis- og kynjafræðikennslu á öllum skólastigum.

Konur krefjast þess að fá að vinna vinnuna sína án áreitni, ofbeldis og mismununar, og að stjórnvöld, atvinnurekendur og stéttarfélag grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir og taki af festu á kynferðislegu ofbeldi og áreitni á

vinnumarkaði. Og við krefjumst þess að hlustað sé á þolendur og tekið sé mark á sögum þeirra. Konur sem upplifa ofbeldi, áreitni, niðurlægingu og smámun eru ekki lítill hópur heldur allar konur samfélagsins úr öllum kimum samfélagsins. Konur sem tilheyra mismunandi minnihlutahópum upplifa mismunandi birtingarmyndir ofbeldis og áreitni sem við þurfum að taka tillit til.

Yfirlýsing samstöðufunda kvenna, 24. október 2018

Frásagnir kvenna af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnustöðum sem deilt hefur verið undanfarið ár á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #MeToo undirstrika að kjaramisrétti er ekki eina misréttið sem konur þurfa að glíma við á vinnumarkaði. Við stöndum hér saman til að lýsa því yfir, hátt og snjallt, að kynferðisleg áreitni og ofbeldi er ólíðandi með öllu!

Við verðum að tryggja öryggi kvenna og jaðarsettra hópa á vinnumarkaði. Við verðum að skapa samfélag þar sem störf kynjanna eru metin að verðleikum, samfélag þar sem kjara-jafnrétti ríkir.

Samkvæmt nýjstu tölum Hagstofu Íslands um launamun kynjanna eru konur með 26% lægri atvinnutekjur að meðaltali en karlar. Konur vinna þó lengur en karlar ef lögð er saman vinnan innan heimilis sem utan. Konur eru að jafnaði að lágmarki fjórfalt lengur frá vinnumarkaði en karlar vegna barneigna og þriðjungur kvenna er í hlutastarfi vegna

ábyrgðar á fjölskyldu- og heimilisstörfum. Það hallar á konur í valda- og áhrifastöðum og hefðbundin kvennastörf eru vanmetin sem endurspeglast í lægri launum og lakari vinnu-aðstæðum. Þetta vanmat á framlagi kvenna þýðir lægri æviteklar og lífeyrisgreiðslur og vaxandi kulnun í starfi.

Þessu þarf að linna, kjara-jafnrétti strax!

Nú ganga konur út kl. 14:55, á mínúttunni sem við hættum að fá borguð laun fyrir vinnuna okkar. Þetta er í sjötta skipti síðan 1975 sem við göngum út til að mótmæla kynbundnu kjaramisrétti, en enn eigum við langt í að ná jafnrétti. Með þessu áframhaldi þurfum við að bíða í 29 ár eftir að konur fái sömu tekjur og karlar.

Við biðum ekki lengur!

Það er nóg komið, þessi tími er liðinn, konur eiga að vera metnar að verðleikum, njóta jafnréttis og vera óhultar jafnt heima sem í vinnu!

- Við krefjumst þess að grundvallarmannréttindi allra séu virt á Íslandi, svo engin þurfi að líða fyrir kyn sitt, uppruna, kynþátt, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni, kyntjáníngu, fötlun, aldur, búsetu, lífsskoðun, félagslega stöðu eða efnahag.
- Við krefjumst styttri vinnuviku til að stuðla að jafnari vinnutíma kvenna og karla í launuðum sem ólaunuðum störfum.
- Við krefjumst þess að fæðingarorlof verði 12 mánuðir og greiðslur sem samsvara lágmarkslaunum verði óskertar og öruggar dagvistunar strax að loknu fæðingarorlofi.

- Við krefjumst aðgerða og kynjakvóta til að auka hlut kvenna í áhrifa- og valdastöðum og að kvennastörf séu metin að verðleikum bæði í launum og virðingu.
- Við krefjumst þess að stjórnvöld setji kynjajafnrétti og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi í forgang á öllum stigum og sýni stórhug í að taka ákvarðanir til að jafna stöðu kynja og tryggja að fjölbreytileiki samfélags okkar fái að njóta sín.
- Við krefjumst þess að jafnrétti og kynjafræði verði gerð að skyldufagi á öllum skólastigum, að í skólum landsins kennum við næstu kynslóð um fjölbreytileika samfélagsins. Kennsla í kynjafræði er lykillinn að því að breyta samfélagi okkar til frambúðar, upp-ræta staðalmyndir kynja og klámvæðingu samfélagsins.
- Við krefjumst þess að fá að vinna vinnuna okkar án áreitni, ofbeldis og mismununar, og að stjórnvöld, atvinnurekendur og stéttarfé-lög grípi til aðgerða til að koma í veg fyrir og taki af festu á kynferðislegu ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði.
- Við krefjumst þess að hlustað sé á þolendur og tekið sé mark á sögum þeirra. Konur sem upplifa ofbeldi, áreitni, niðurlægingu og smámun eru ekki lítill hópur heldur allar konur samfélagsins úr öllum kimum samfélagsins. Konur sem tilheyra mismunandi minnihlutahópum upplifa mismunandi birtingarmyndir ofbeldis og áreitni sem við þurfum að taka tillit til.
- Við skilum hér með skömminni þangað sem hún á heima til gerendanna, til atvinnurekenda, til stjórnvalda, til réttarkerfisins, til samfélagsins sem hefur látið ofbeldi og misrétti viðgangast um aldir. Við lýsum yfir stuðningi við þær þúsundir kvenna sem hafa komið fram opinberlega og deilt sögum sínum af áreitni, ofbeldi og misrétti, á vinnustað og í samfélaginu öllu. Við lýsum einnig yfir stuðningi við þær konur sem ekki hafa stigið fram. Við erum hér fyrir ykkur, fyrir okkur öll!

Öxlum öll ábyrgð á að breyta menningunni. Í vinnunni, heima, í skólum, í vinahópnum, í íþróttum, í félagsstarfi, og alstaðar. Við berum öll ábyrgðina á því að halda umræðunni vakandi, að sýna virðingu og samkennd í samskiptum við náunga okkar, auka vitund og skilning á kynjakerfinu sem við búum við.

Jafnréttismál eru hagsmunir okkar allra, ekki bara kvenna. Breytum menningunni og hugarfarinu, saman! Stöndum saman og höfum hátt! Breytum ekki konum, breytum samfélaginu!
Kjara-jafnrétti STRAX!



Hnossgæti úr Hrísey

Í ár fengum við Hríseyinginn Lindu Maríu Ásgeirsdóttur, sem á og rekur veitingahúsið Verbúðina 66 í Hrísey ásamt eiginmanni sínum Ómari Hlynssyni, til að gefa lesendum blaðsins uppskriftir. Verbúðin 66 er veitingastaður í Hrísey sem var opnaður í mars 2016. „Við erum með opið um helgar yfir veturinn og alla daga yfir sumarið. Núna eru jólahlaðborð, skótuveisla og fleiri jólatengdir viðburðir. Það er yfirleitt eitthvað um vera í hverjum mánuði í vetur, kótilettukvöld, konukvöld, karlakvöld, pub quiz, kaffihlaðborð og fleira,“ segir Linda María.

Linda María sem opnaði veitingastaðinn í tilefni fimmtugsafmælis síns segir að nafnið Verbúðin 66 sé til komið vegna þess að hún er fædd árið 1966, „auk þess sem 66. breiddargráða liggur í gegnum Hrísey og svo er staðurinn niður við sjóinn þar sem áður stóðu verbúðir,“ segir Linda María og bætir við að þetta sé með því skemmtilegra sem hún hefur gert um ævina. Linda María segir eyjaskeggja duglega að fara út að borða. „Hingað koma líka Akureyringar og mikið af erlendum ferðamönnum sem koma gjarnan með gönghópum. Okkar matseðill er frekar einfaldur. Við leggjum mesta áherslu á fisk og erum bæði með fiskisúpu og djúpsteiktan fisk. Það er voðalega gaman að lesa eftir útlendinga á Trip Advisor að þeir hafi fengið besta djúpsteikta fiskinn í Hrísey. Það segir manni að við séum að gera eitthvað rétt.“

Linda María hefur búið stærstan hluta ævi sinnar í Hrísey. „Ég hef prófað að búa annars staðar en ég vildi leyfa börnunum mínum að alast upp þar sem ég ólst upp. Hér er hvorki stress né streituvaldandi póstar,“ segir hún og neitar því að spurð að finna fyrir innlokunarkennd úti í eyju. „Ferjan fer héðan níu sinnum á dag svo það er lítið mál að búa hér og vinna í landi. Maðurinn minn vinnur í bænum og fer með ferjunni að morgni en kemur heim seinni partinn. Þetta er bara spurning hvað maður vill og hvernig maður vill eyða þessum tíma sem maður hefur utan vinnunnar.“

Uppáhaldsmaturinn er fiskur og hér eru tvær uppáhaldsuppskriftir sem eru oft fiskur dagsins.

Hvannarkryddaðir þorsknakkar

með kartöflum, salati og hvítlaukssósu

4 þorsknakkar
salt og pipar



hvannarfræ
smjör

Hnakkar kryddaðir með salti, pipar og hvönn smá smjörklipa sett yfir. eldað í 200 °heitum ofni í 8 - 10 mín fer eftir þykkt, borið fram með kartöflum, salati, hvítlaukssósu og/eða sweet chili sósu.

Rjómafiskur

600 gr þorskur
1 laukur
200 gr sveppir
grænmetisteningur
salt og pipar
rjómi



Veltið fiskinum upp úr mjölblöndu (ég nota spelt og kókosheiti eða möndlumjöl) kryddaðri með salti, pipar og töfrakryddi frá Pottagöldrum. Steikið fiskinn á pönnu, takið af pönnunni og svissid lauk og sveppi bætið við smá slettu af vatni og leysið teninginn upp, síðan er rjóma hellt yfir (bara nota nógu mikið hann er svo hollur og góður) og fiskinum raðað á pönnuna og látið malla í nokkrar mínútur. Borðað með hrísgrjónum eða kartöflum og salati.

Kjötökka bóndans

(Uppskrift að kjötköku sem er tilvalin mánudagsmáltíð).

500 gr nautahakk (frá B. Jensen :-))
1 laukur
slatti kartöflur (fint að nota afgang af bökunarkartöflum helgarinnar)
salt og pipar
1 egg og smá mjólk
(nota kókosmjólk eða rjóma)



Hræra hakið með egginu, kryddinu og mjólkinni, þarf að vera frekar stíft. Setja nóg af salti og pipar

Kartöflurnar eru flysjaðar og skornar í mjög þunnar sneiðar og þeim velt upp úr olíu. Raða



Linda María

þriðjungi af kartöflunum í botninn á eldföstu móti, helmungur af hakkinu sett ofan á það, síðan aftur kartöflur og svo hakk og restin af kartöflunum ofan á. Gott er að setja vel af osti yfir og baka í 175° heitum ofni í 40-45 mín eða þar til kartöflurnar eru orðnar mjúkar. Gott að skipta út og setja sætar kartöflur í staðinn.

Tómatsósu kjúklingur á laugardegi

Kjúklingabitar eða bringur, sem samsvara heilum kjúkling
3 dl tómatsósa
1 tsk pipar
2-3 tsk karrý (nota alltaf Madras karrý)
1 tsk salt
1/4 l rjómi

Kjúkling raðað í eldfast mót. Tómatsósa, pipar, karrý, salt og rjómi hrært saman og sósunni hellt yfir kjúllann. Eldað við 200° í 20 - 30 mín eða þar til kjötið hefur náð 70° hita.

Rabarbarapie

Besti eftirréturinn frá Birnu Maríu.....

(Eiga ekki allir frosinn rabarbara í kistunni.)



400 gr rabarbari í bitum
1/2 dl hveiti eða annað mjöl
2 egg
2 1/2 dl sykurl

Blandað saman og sett í form.

1 3/4 dl. hveiti eða annað mjöl
1 1/2 dl dökkuur þúðursykur
50 gr smjör

Blandað saman og mulið yfir formið. Bakað í miðjum ofni við 200° í ca 45 mínútur. Frábært með þeyttum rjóma eða is.

Vinsælasti eftirréturinn á Verbúðinni 66.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Trúnaðarmenn Einingar-löju eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn. Ef það er ekki trúnaðarmaður á þínum vinnustað hafðu þá samband við Einingu-löju og við setjum upp vinnustaðafund til að kjósa trúnaðarmann.

Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

Hvað þarf trúnaðarmaður að hafa til að bera?

Góður trúnaðarmaður þarf fyrst og fremst að hafa áhuga á velliðan og starfsöryggi félaga sinna. Hann þarf að vera vakandi fyrir vinnuumhverfinu og eiga auðvelt með mannleg samskipti, hafa ríka réttlætiskenn, eiga auðvelt með samstarf og vera óhræddur við að axla ábyrgð.

Þeir sem sinnt hafa trúnaðarstörfum fyrir



stéttarfélag þekkja það að sú reynsla nýtist þeim ekki síður vel í daglegu lífi jafnt sem starfi. Þekking á málefnum starfsmanna, leikni í mannlegum samskiptum og reynsla af samstarfi við lausn verkefna er mjög verðmæt.

Trúnaðarmaður er bundinn þagnarskyldu.

Trúnaðarmannanámskeið

Nýlega voru haldin tvö trúnaðarmannanámskeið í sal félagsins á Akureyri, hluti 1 og hluti 2. Leiðbeinendur á þessum námskeiðum voru þau Sigurlaug Gröndal og Guðmundur Hilmarrsson, frá Félagsmálaskóla alþýðu, ásamt starfsmönnum stéttarfélaganna.

Á hluta 1 er m.a. farið yfir hvert hlutverk stéttarfélaga, sambanda og heildarsamtaka á vinnumarkaði er. Hvert hlutverk trúnaðarmanna er samkvæmt lögum og kjarasamningum og hvert hlutverk trúnaðarmanns er á vinnustað og hvað hann á að gera og hvað ekki. Lögð er

megináhersla á mikilvægi góðra samskipta á vinnustað, hvernig megi stuðla að góðum samskiptum.

Á hluta 2 kynnst nemendur starfsemi stéttarfélagsins og réttindum félagsmanna, en þá sjá starfsmenn stéttarfélaganna um kennsluna. Þá er einnig farið yfir sjóði félaganna og farið í túlkun kjarasamninga og gildi þeirra. Í þessum hluta er einnig farið yfir reiknitölur helstu launaliða og kynnst nemendur grunnuppbyggingu launaseðla og launaútreikninga svo og staðgreiðslu skatta. Lögð er megináhersla á mikilvægi góðra samskipta á vinnustað, hvernig megi stuðla að góðum samskiptum. Skoðuð er mismunandi framkoma, áhrif hennar á okkur og aðra. Þá kynnst nemendur afleiðingum langvarandi slæmra samskipta, eineltis á vinnustað, hvernig bregðast eigi við og ábyrgð gerenda og atvinnurekenda.

Næstu trúnaðarmannanámskeið

Öflug trúnaðarmannafræðsla er mikilvæg fyrir trúnaðarmenn, stéttarfélagið og atvinnurekendur. Það reynir oft á trúnaðarmenn í starfi og þess vegna hefur félagið ávallt kappkostað að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu. Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessi námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsögðu að sækja námskeiðin í samráði við sinn yfirmann.

Félagið hvetur trúnaðarmenn til að fylgjast vel með þegar námskeið eru haldin og vera dugleg að mæta á þau. Hægt er að skrá sig á trúnaðarmannanámskeið með því að senda póst á ein@ein.is eða hringja í síma 460 3600.

Á næstunni verða haldin eftirfarandi trúnaðarmannanámskeið.

- Hluti 1, 4. til 6. febrúar 2019
- Hluti 2, 13. til 15. febrúar 2019
- Hluti 3, 13. til 15. mars 2019
- Hluti 4, 10. til 12. apríl 2019
- Hluti 1, 8. til 10. maí 2019

Sudarat Kewwichit, sem er annar trúnaðarmanna félagsins í Útgerðarfélagi Akureyringa, sat trúnaðarmannanámskeið – hluta 2 í nóvember. Í spjalli við tíðindamann blaðsins sagði hún að það væri rétt rúmt ár síðan hún var kosin trúnaðarmaður. „Núna er ég búin að fara á tvö svona námskeið. Þetta eru mjög góð námskeið og líka gott að hitta aðra trúnaðarmenn. Ég er mun fróðari nú að þeim loknum og get því betur aðstoðað ef eitthvað kemur upp á í vinnunni. Við erum tvær sem erum trúnaðarmenn í vinnunni og ég hef ekki mikið þurft að sinna þessu starfi því Sigga Jóna, sem er hinn trúnaðarmaðurinn á staðnum er búin að sinna því til fjölda ára og

því er meira leitað til hennar. Ég er líka á þeim stað í húsinu þar sem færri starfa en auðvitað fæ ég stundum spurningar og þá er gott að geta leitað til Siggu eða félagsins til að fá svör ef ég veit ekki svarið,” sagði Sudarat.

Sudarat var einnig spurð út í bækling sem félagið gaf út og er á sjö tungumálum. „Þessi bæklingur er mjög góður og þægileg stærð á honum. Hann auðveldar erlendum félagsmönnum til muna að nálgast upplýsingar frá félaginu. Félagið auglýsir vel og oft á mörgum tungumálum til að ná til félagsmanna en fólk-ið þarf að sýna áhuga til að nota það sem félagið er að bjóða upp á og ef það vill vita eitthvað um réttindi sín.“

ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ

เงินโบนัสเดือนธันวาคม 2018 (Desemberuppbót 2018)

ทางสหภาพแรงงาน (Eining-Iðja) ขออภัยให้สมาชิกทุกท่านว่าท่านมีสิทธิที่จะได้รับเงินโบนัสเดือนธันวาคมตามสัญญาการว่าจ้างแรงงาน. จำนวนเงินที่จะได้รับนั้นจะไม่เท่ากันขึ้นอยู่กับสัญญาการว่าจ้าง และระยะเวลาการทำงานของแต่ละคน. เงินโบนัสนี้ จะจ่ายให้หมดในครั้งเดียวและจะไม่คิดรวมกับเงินสะสมสำหรับพักร้อน.

ตามสัญญาว่าจ้างที่ทางสหภาพฯได้ทำไว้กับทางคณะกรรมการฝ่ายปรับปรุงเงินเดือนของหน่วยเทศบาลนั้น. ข้าราชการ จะ ได้รับเงินโบนัสเดือนธ.ค. เป็น จำนวนเงิน 113.000.- โครนุร์. แต่สัญญาว่าจ้างที่ทางสหภาพฯ ได้ทำไว้กับทางรัฐบาลนั้น สัญญาว่าจ้างของตลาดแรงงานทั่วไป สมาชิกจะได้รับเงินโบนัสเดือนธ.ค. เป็นจำนวนเงิน 89.000.- โครนุร์. บุคคลที่รับราชการจะต้องได้รับเงินโบนัสเดือน ธ.ค. ภายในวันที่ 1 ธันวาคม. ส่วนลูกจ้างในตลาดแรงงานอื่นๆทั่วไป จะได้รับก่อนวันที่ 15 ของเดือนธันวาคม และ ลูกจ้างของหน่วยเทศบาล จะได้รับเงินโบนัสดังกล่าวในเดือน ธันวาคมเช่นกัน ตามความคล่องตัวของสัญญาว่าจ้างแรงงานของแต่ละหน่วยงานนั้นๆ.

เงินกองทุนยามเจ็บป่วย (Sjúkrajóður)

สิทธิในการรับเงินช่วยเหลือจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วย ซึ่งมีดังต่อไปนี้, จะได้รับเงินสนับสนุนจากกองทุนเมื่อต้องหยุดงานเพื่อดูแลลูกที่มีอาการป่วยระยะยาวหรือพิการ, ภรรยาหรือสามีที่มีอาการป่วยร้ายแรง, ต้องนอนร่างกายนอกจากความเจ็บป่วย, ทำกายภาพบำบัด การรับการตรวจเช็คมะเร็งปากมดลูก, การบริหารร่างกาย, ชื่อเครื่องช่วยฟัง หรือ เลนส์แว่นตา และ อื่นๆ เป็นต้น. จะได้รับเงินช่วยเหลือในการมาปนกิจ เป็นจำนวนเงิน 370.000.-โครนุร์ เงินสนับสนุนเพื่อการบริหารร่างกายจะจ่ายให้ 35% จากใบเสร็จรับเงิน แต่ไม่เกิน 23.000. โครนุร์ในแต่ละปี.เงินช่วยเหลือเพื่อซื้อเลนส์แว่นตา และ เครื่องช่วยฟัง จะ จ่ายให้ 35% จากใบเสร็จ แต่ไม่เกิน 50.000/60.000.โครนุร์ของทุก 3 ปี.

สมาชิกทุกท่าน โปรดทราบ!

ทางสหภาพฯ จะมีการประชุมเกี่ยวกับเงินกองทุนยามเจ็บป่วยเดือนละครั้ง เอกสารที่ต้องการยื่นเข้าที่ประชุม สามารถยื่นได้ที่ สำนักงาน Eining-Iðja ภายในวันที่ 27 ของเดือน. แบบฟอร์มเกี่ยวกับรายจ่ายที่ขอจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วยทั้งหมด จะถูกนำเข้าไปประชุม อาทิ,เงินค่าเจ็บป่วยร้ายแรง, ค่ากายภาพบำบัด,ค่ามดลูก,ค่าตรวจหามะเร็งปากมดลูก และ อื่นๆ. ซึ่งเป็นไปตามกฎของกองทุนที่จะต้องจ่าย.

เงินกองทุนเพื่อการศึกษาที่ควรทราบ (Kynntu þér námsstyrkina!)

ในฤดูหนาว โรงเรียนต่างๆหลายแห่ง ได้จัดให้มีการอบรมต่างๆทั้งระยะสั้นและระยะยาว สำหรับสมาชิกของสหภาพฯ

จึงเป็นโอกาสดีของสมาชิกที่ต้องการเข้ารับการอบรมทางสหภาพฯจึงต้องการเสนอให้ทุกท่านได้รับทราบถึงสิทธิที่พึงได้รับจากเงินกองทุนเพื่อการศึกษาจาก ลานส์แมนท์ (landsmennt.is) จากทางหน่วยเทศบาล (sveitamennt.is) และจาก ภาครัฐ (ríkismennt.is). แต่จะได้รับเพียงครั้งเดียวเท่านั้นไม่ว่าการอบรมนั้นจะมีกี่เทอมก็ตาม. ในเว็บไซต์ของสหภาพฯ www.ein.is ท่านสามารถเข้าหาข้อมูลจาก Landsmennt ซึ่งได้แปลไว้หลายภาษา เช่น ภาษาอังกฤษ, สเปนญ, ไทย และ โปแลนด์ เป็นต้น. อนึ่ง สามารถ หาข้อมูลที่เป็นภาษาอังกฤษได้จาก Ríkismennt.

บ้านพักร้อนให้เช่าในช่วงฤดูหนาว (Vetrarleiga orlofshúsanna)

ทางสหภาพฯ ยังคงมีบ้านพักร้อนไว้ให้สมาชิกได้เลือกเช่าในช่วงฤดูหนาว นอกเหนือจากการพักร้อนตามปกติในฤดูร้อน. บ้านพักดังกล่าวมี 6 แห่งด้วยกัน คือ บ้านพักที่ Illugastöðum อยู่ที่ Fnjóskadal, Tjarnargerði อยู่ที่ Eyjafjarðarsveit, Svignaskarði อยู่ที่ Borgarfirði, Einarstaðir อยู่ที่ Fljótsdalshéraði และยังมี อพาทเมนท์ที่ Reykjavík/Kópavogur, Egilsstaðir ไว้บริการอีกด้วย. การเช่าบ้านพักร้อนในช่วงฤดูใบไม้ร่วง และ ฤดูหนาวนั้น เริ่มต้น ตั้งแต่ วันที่ 1 กันยายน จนถึงวันที่ 1 มิถุนายน.

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ตามข้อตกลงในการทำสัญญาว่าจ้างทำงานนั้น ลูกจ้างทุกคนจะต้องได้รับการทำสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาในการว่าจ้างทำงาน, และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างงานประเภทนั้นๆ. ซึ่งสัญญาว่าจ้างจะต้องทำภายหลังจากที่ลูกจ้างได้ปฏิบัติงานที่ใดหนึ่งเดือน. การทำสัญญาให้เป็นลายลักษณ์อักษรนั้นสำคัญมากสำหรับลูกจ้าง เพราะหากมีปัญหาเกิดขึ้นก็สามารถใช้สัญญาเป็นหลักฐานได้. ที่สำนักงาน Eining-Iðja ท่านสามารถติดต่อสอบถามข้อมูลเกี่ยวกับการทำสัญญาว่าจ้างทำงานพร้อมทั้งมีแบบฟอร์มไว้บริการด้วย.

ระยะเวลาการออก และ ให้ออกจากงาน (Uppsagnarfrestur)

- ต้องเป็นไปตามความถูกต้องของทั้งสองฝ่าย
- ต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

ในสองสัปดาห์แรกของการทำงาน ถ้าต้องการลาออกก็สามารถทำได้ทันทีไม่มีเงื่อนไขใดๆ. หลังจากการทำงานเกินกว่าสองสัปดาห์กับนายจ้างเดิม จะลาออกได้หลังจากนั้นอีก 12 วัน. หากอายุการทำงานเกิน 3 เดือนกับบริษัทเดิม จะต้องทำงานให้ครบเดือนก่อน หลังจากนั้นอีก 1 เดือนจึงสามารถลาออกได้.

หากทำงานเกิน 3 ปี กับบริษัทเดิม ต้องทำงานให้ครบเดือนก่อน และ หลังจากนั้นอีก 3 เดือน จึงสามารถลาออกได้. โปรดทราบ! ท่านสามารถปรึกษากับตัวแทนพนักงานที่ท่านเลือกไว้ในที่ทำงานนั้นๆได้ หรือ ที่สหภาพฯ Eining-Iðja โทร. 460 3600 หากต้องการความช่วยเหลือ.

Að eiga við einstaklinga í erfiðum aðstæðum!

Í október sátu starfsmenn félagsins, ásamt starfsmönnum Byggingar, FVSA, VIRK og Kjalara, námskeiðið „Að eiga við einstaklinga í erfiðum aðstæðum!“ Einu sinni á ári fara starfsmenn Einingar-Iðju á námskeið til að styrkja þá í starfi, ekki síst í þeim tilgangi til að geta veitt félagsmönnum enn betri þjónustu.

Jóna Margrét Ólafsdóttir, Félagsráðgjafi MA Phd(C), frá Félagsmálaskóla alþýðu sá um fræðsluna þar sem m.a. var lögð áhersla á ólík samskiptamunstur og mismunandi framkomu fólks, svo sem ákveðni, óákveðni og ágengni. Fjallað var um grunnatriði samtalstækni, einkenni mismunandi

tegunda samtala, mismunandi tjáskiptaleiðir, virka hlustun og mikilvægi þess að gæta hlutleysis í samtölum. Áhersla var lögð á aðstæður og efni sem líkleg eru til að valda ágreiningi, greiningu á eðli ágreiningsefna og hátterni þeirra sem greinir á. Einnig leiðir til að fyrirbyggja ágreining, draga úr ágreiningi, taka á ágreiningi á uppbyggilegan hátt og mikilvægi þess að fylgja lausn ágreiningsmáls eftir. Fjallað var um erfiðleika út frá tveimur sjónarhornum, þ.e. ef einstaklingurinn er meðvirkur sjálfur eða þau samskipti sem eru við meðvirkun einstakling og hversu auðvelt er að verða meðvirkur séu áhættuþættir sem ýta undir það til staðar.



Vetrarleiga orlofshúsa

Í boði er fyrir félagsmenn Einingar-löju sex kostir í vetrarleigu orlofshúsa. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit, Einarstöðum á Héraði og Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig í orlofsíbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu og á Egilsstöðum. Vetrarleigan hófst 1. september sl. og stendur til 1. júní nk.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Auðveldast er að panta á Félagavefnum, en auðvitað er hægt að hringja í skrifstofur félagsins og panta hús eða bústað.
- Þegar opnað er fyrir vetrarleigu á Félagavefnum er hægt að panta íbúðir og hús alveg fram að sumarleigu. Allur veturinn er undir.
- Ekki þarf að sækja sérstaklega um jól eða páska.
- Punktur eru ekki dregnir af vetrarleigu.

Verðskrá veturinn 2018-2019

Illugastöðir

Vikuleiga er kr. 28.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við hvert hús. Nettenging er á svæðinu.

Lyklar að húsum á Illugastöðum eru afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Vert er að benda á að á Illugastöðum á Eining-löju eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Tjarnargerði

Vikuleiga er kr. 33.000 og helgarleiga kr. 20.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur. Nettenging er á staðnum.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Einarstöðir

Vikuleiga er kr. 28.000 og helgarleiga kr. 17.000.



Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið.

Lyklar að húsinu er afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Áhugasamir geta hringt beint í staðarhaldarann á Einarstöðum, Guðna Hermannsson, í síma 861 8310 en hann sér um að leiga húsið að vetri til.

Svignaskarð



Vikuleiga er kr. 28.000 og helgarleiga kr. 17.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið.

Lyklar að húsinu er afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Höfuðborgarsvæðið

Eining-löju hefur til umráða nokkrar íbúðir í Reykjavík og í Kópavogi, en sjúkrasjóður félagsins hefur tvær af þeim til ráðstöfunar. Íbúðirnar leigjast í viku í senn, fyrir utan sjúkraíbúðir sem leigjast eftir þörfum. Vikuleiga er kr. 32.000.

Nettenging er í íbúðunum.

Lyklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.

Þrif innifalín

Umsjónaraðili með íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu sér um að þrifa íbúðina eftir leigu-

tíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Egilsstaðir

Íbúðin leigist eftir þörfum hvers og eins.

Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri. Síminn er 460 3600 og netfangið ein@ein.is



Ætlar þú að dvelja um jólin á Illugastöðum?

Gestir á Illugastöðum um jól og áramót 2018-2019, gott er að hafa eftirfarandi í huga:

Um jól og áramót verður afgreiðslan opin á hefðbundnum tíma föstudaginn 21. desember (milli kl. 16 og 21), fimmtudaginn 27. (milli kl. 16 og 18) og föstudaginn 28. desember (milli kl. 16 og 21). Frá og með miðvikudeginum 2. janúar verður opið eins og venjulega.

Ef snjóár er ekki hægt að reikna með snjómokstri í Fnjóskadal 24. til og með 26. desember eða 30. desember til og með 1. janúar. Það sama á við um svæðið sjálft á Illugastöðum. Þá daga sem mokað verður, ef þörf krefur, verður bara mokað einu sinni á dag. Ef veðurútlit er tvísýnt er ekki víst að mokað verði þann daginn.

Nauðsynlegt er að láta vita tímanlega í síma 462 6199, þ.e. á auglýstum opnunartíma) ef gestir eru að mæta á svæðið eftir að sá tími líður svo hægt sé að gera ráðstafanir varðandi lykla.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Albýðusamband Íslands



Tanni Travel
www.tannitravel.is



Różne informacje

Rolą związków zawodowych

Rolą związków jest przede wszystkim negocjowanie w imieniu swoich członków umów zbiorowych w których określone są zasady wynagrodzeń i warunków pracy, a także czuwanie nad ich interesami na rynku pracy.

Dodatek grudniowy (świąteczny) 2018 (Desemberuppbót)

Związek zawodowy "Eining-Iðja" pragnie przypomnieć swoim członkom, że zgodnie z umowami o pracę mają oni prawo do wypłaty specjalnego dodatku wypłacanego wraz z pensją grudniową.

Wysokość specjalnego dodatku do pensji grudniowej zależy od:

- a) zapisów szczegółowych w umowach zbiorowych
- b) stażu pracy
- c) wymiaru godzin w jakich pracownik jest zatrudniony (tzn. np. 100% etatu, 50% etatu, 75% etatu itd.)

Wyżej wymieniony dodatek ma być wypłacony jednorazowo w całości, ale nie jest do niego doliczany dodatek urlopowy (orlof) tak jak do innych wynagrodzeń za pracę.

Wysokość specjalnego dodatku grudniowego w oparciu o umowy zbiorowe zawarte z przedstawicielami komisji do spraw wynagrodzeń utworzonych przez zarządy lokalne wynosi 113.000 koron natomiast umowy zawarte między przedstawicielami związków zawodowych "Eining-Iðja", a przedstawicielami rządu, zgodnie z umowami zbiorowymi obowiązującymi na powszechnym rynku pracy, zapewniają wypłatę specjalnego dodatku grudniowego w wysokości 89.000 koron islandzkich.

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być wypłacony nie później niż do 15 grudnia. Wszystkim pozostałym, włącznie z pracownikami pracującymi dla zarządów lokalnych powyższy dodatek ma być wypłacony w grudniu zgodnie z obowiązującymi ich przepisami wynikającymi z umów o pracę w danym sektorze zatrudnienia.

Fundusz chorobowy

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płacenia składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.: przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby współmałżonka, wizyt u masażysty i fizykoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do karnetów na siłownię, kupna aparatu słuchowego i szkieł do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 370.000 kr. Dopłata do karnetu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż

23.000 koron w każdym roku kalendarzowym. Dopłata przy kupnie szkieł do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 50.000 koron co 3 lata.

Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 60.000 koron co 3 lata.

Proszę zwrócić uwagę !

Zebranie zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 27 dnia danego miesiąca. Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podań o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizykoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

Pamiętajcie o dofinansowaniu na naukę!

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczeszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek: Landsmennt (www.landsmennt.is) - Krajowy Ośrodek Doksztalcenia, Sveitamennt (www.sveitamennt.is) - Regionalny Ośrodek Doksztalcenia i Ríkismennt (www.rikismennt.is) - Rządowy Ośrodek Doksztalcenia.

Landsmennt jest funduszem na doksztalcenie stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgreinasambands Íslands). Sveitamennt jest funduszem pracowników administracji regionalnej na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 100.000 przez Landsmennt, przez Ríkismennt i Sveitamennt. Landsmennt, Sveitamennt i Ríkismennt pokrywa do 75% kosztów kursu. Członkowie mogą również ubiegać się o dodatki na kursy hobbistyczne i rekreacyjne. Dofinansowanie do 75% całkowitego kosztu, nie przekraczające 30.000.

Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą do Ríkismennt lub Sveitamennt mogą starać się o 90% dofinansowanie 150-godzinnego kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego “Eining-Iðja” oferuje się możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych w okresie pozaurlupowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wypoczynkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) Svignaskarð w Borgarfjörður
- 4) Einarstaðir w Fljótshálsa
- 5) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Hofuðborgarsvæðið (Reykjavík, Kópavogur) i w Egilsstaðir.

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o

poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o

pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązują żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12-dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy –

obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku “Eining-Iðja” numer telefonu 460 3600, jeśli zaistnieje taka konieczność.

Fimmta þing ASÍ-UNG

Á fimmta þingi ASÍ-UNG sem fram fór í september mátti greina mikinn samhug og baráttuvilja hjá ungu fólki innan verkalýðshreyfingarinnar. ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks á aldrinum 16-35 ára, innan verkalýðshreyfingarinnar sem sér til þess að hagsmunamál ungs fólks á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins. Þrír fulltrúar sátu þingið fyrir hönd Einingar-Iðju.

Málþing um hlutverk stéttarfélaga og þær áherslur sem ungt fólk vill sjá í komandi kjarasamningum bar einna hæst á þinginu. Meðfylgjandi ályktun var samþykkt í lok þingsins en hún sýnir ágætlega hvar áherslur ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar liggja í komandi kjaraviðræðum.

Þing ASÍ-UNG ályktar um nauðsyn þess marka skýra stefnu í húsnæðismálum til þess að tryggja ungu fólki húsnæði við hæfi. ASÍ-UNG telur það vera grundvallaratriði að allir hafi möguleika á öruggu búsetuformi sem hentar á viðráðanlegum kjörum.

ASÍ-UNG krefst þess að persónuafsláttur verði hækkaður þannig að lágmarkslaun verði skattlaus.

ASÍ-UNG krefst þess einnig að aldurstengd launamismunur verði afnumin með öllu enda er hún klárt brot á mannréttindum. Jafnframt gerir ASÍ-UNG kröfu um að ungt fólk eigi sæti við samningaborðið til þess að tryggja hagsmuni þess.



ASÍ-UNG leggur ríka áherslu á að vinnueftirlit verði aukið og viðurlög vegna brota á vinnustað verði hert.

Þing ASÍ-UNG leggur áherslu á jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Brúa þarf bil milli fæðingarorlofs og leikskóla og auka orlofsrétt vegna vetrarfría í skólum.

Eins og fyrr segir var málþing um hlutverk stéttarfélaga og þær áherslur sem ungt fólk vill sjá í komandi kjarasamningum einn af hápunktum þingsins. Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, fluttu erindi og tóku svo þátt í pallborðsumræðum ásamt tveimur stjórnarmönnum ASÍ-UNG, Eiríki Þór Theódórssyni og Hafðísi Ernu Ásbjarnardóttur sem er starfsmaður Einingar-Iðju. Miklar umræður sköpuðust varðandi stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og er ljóst að fulltrúum finnst að víða megi gera betur til að styrkja stöðu þessa hóps.

Ný stjórn var kosin til starfa þar sem lögð var áhersla á jafna skiptingu út frá kyni, búsetu og félögum. Eining-Iðja á nú tvo fulltrúa í varastjórn ASÍ-UNG, þau Hafðísi Ernu og Ólaf Ólafsson.



43. þing ASÍ

Í lok október fór fram 43. þing Alþýðusambands Íslands. Þingið, sem bar yfirskriftina Sterkari saman! stóð yfir í þrjú daga og var haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Seturétt á þinginu áttu alls um 300 þingfulltrúar, þar af níu frá Einingu-löju. Fyrir þingið hafði fráfarandi forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, lýst því yfir að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram á ný, en hann var búinn að gegna embættinu frá því í október 2008. Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, var kosin nýr forseti og er því fyrsta konan til að gegna því embætti í 102 ára sögu sambandsins.

Unninn var málefnavinna í hópum þar sem umfjöllunarefni voru: Húsnæðisöryggi, Tekjuskipting og jöfnuður, Heilbrigðisþjónusta og velferð, Tækniþróun og skipulag vinnunnar og Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs.

Fyrsti dagur þingsins bar upp á Kvennafrídaginn og var gert hlé á þinginu til að þingfulltrúar gætu fjölmennt á baráttufund á Arnarhóli. Í ávarpi við þingsetninguna sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ m.a. „Ég vil byrja á því að óska konum og raunar okkur öllum hjartanlega til hamingju með baráttudaginn, 24. október sem er orðinn jafn mikilvægur í baráttu kvenna fyrir jafnrétti og jafnstöðu á vinnumarkaði og 1. maí er fyrir okkur öll. Á þessum baráttudegi stendur íslenskt samfélag ekki einungis frammi fyrir þeirri áskorun að jafna hlut kynjanna í samfélagi okkar heldur stendur Alþýðusamband Íslands og samfélagið allt einnig frammi fyrir miklum áskorunum nú þegar undirbúningur kjarasamninga stendur sem hæst og efnahagsuppsveiflan náð hámarki sínu. Reynslan kennir okkur að við slíkar aðstæður getur orðið vanda-

samt að samræma væntingar félagsmanna okkar um kjarabætur við þær aðstæður sem fyrirtækin í landinu búa við. Við lifum því góðir félagar á spennandi áttatímum.“

Ávarp Gylfa í heild má finna á vef ASÍ, www.asi.is

Ályktanir og stefnur

Á þinginu fór fram umsvifamikil málefnavinna í mörgum hópum og voru sex ályktanir og stefnur afgreiddar á þinginu. Ályktun um kvennafrí, stefna um tekjuskiptingu og jöfnuð, stefna um húsnæðismál, stefna um heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfið, stefna um jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs og stefna um tækniþróun og skipulag vinnunnar fóru í gegnum umræðu á þinginu og voru að því loknu afgreiddar.

Á www.asi.is/thing2018 má finna þessa ályktun og samþykktir.

Ný forysta ASÍ

Fyrir þingið hafði fráfarandi forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, lýst því yfir að hann ætlaði ekki að bjóða sig fram á ný, en hann var búinn að gegna embættinu frá því í október 2008. Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinafélags, og Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs starfsgreinasambands, voru tvö í framboði og fór svo að Drífa var kosin nýr forseti ASÍ.

Drífa hefur starfað sem framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands frá árinu 2012 og er fyrsta konan sem er kjörin í embætti forseta ASÍ í 102 ára sögu Alþýðusambands Íslands. „Kæru félagar. Lítill kona í stóru púlti. Takk, takk, takk fyrir stuðningin. Takk fyrir alla hvatninguna, í bundnu og óbundnu máli,“ var það fyrsta sem Drífa sagði þegar hún hóf ræðu sína eftir að úrslitin voru tilkynnt. Drífa þakkaði

Sverri fyrir góðan og sanngjarnan aðdraganda að þessari kosningu. „Það er ekkert sérstaklega félagslegt við það að etja samherjum hverjum gegn öðrum og því er það mjög mikilvægt eftir kosningar að leggja til hliðar hver studdi hvern gegn hverjum og líta á alla sem samherja í baráttunni. Það mun ég vanda mig við að gera og vinna fyrir alla félagsmenn aðildarféлага innan ASÍ.“ Drífa talaði sérstaklega um þann áfanga að hún væri orðin forseti fyrst kvenna. „Þegar kona er kjörin forseti í fyrsta sinn í 102 ára sögu sambandsins, þá verð ég að þakka baráttu kvenna í gegnum tíðina því sú staðreynd að ég stend hér er þeim að þakka. Allar fyrirmyndirnar á opinberum vettvangi og í einkalífinu, formæður, vinkonur og félagar í baráttunni. Allt stórkostlegar konur sem hafa rutt brautina hver með sínum hætti. Kæru félagar, kraftar mínir eru ykkar næstu tvö árin.“

Tveir buðu sig fram til 1. varaforseta ASÍ. Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélag Suðurnesja, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness sem var kjörinn 1. varaforseti með um 60% atkvæða. Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, var sjálfkjörinn í embætti 2. varaforseta.

Breytingar á miðstjórn

Miklar breytingar urðu á miðstjórn Alþýðusambandsins sem kjörin var til næstu tveggja ára, en einungis fjórir af 12 meðlimum hennar sitja áfram í henni. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju og SGS, var kjörinn til áframhaldandi setu í miðstjórn. Í fyrsta sinn er jafnt kynjahlutfall í miðstjórn en í henni sitja nú sex karlar og sex konur.



Jóla-krossgátan

Geður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

Reitir 1-27 Málsháttur →	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	
				Inn-rötis		Ekki gilt!	Hanga	Fæði Sæti	17	Kyn-fruman Miskunn	Línu Manns-likanið		14	
				→	10								15	
				1					Steig-skíptingur 'Alfu				4	16
				→	Bjarg				3					17
				Raforku										18
				Slóði Bret-land				2						19
				→			Bylgju-langd							20
				Hryggur	9	Mánudinn						5	Glæði Dúsa Raima	21
				Tilneydd		Sila-keppit								22
	BB ↓		utan Skodun-ar		Leiðslu Værslun	7				Strunsið Ambátt		Romsa Minnkar		23
Ung-lingar		11						Hina áskunda		15			24	
			I dag Att Krot				18			Varðandi Eðir Þrýsting		16	25	
→					14	Ufsana Evrópu-búa					13		26	
Þunnur Veggur Þróður								Mjúkan Til útlanda		23			27	
→													28	
Fornmuni Spil Kvenfugl →	8			Kristna 2 eins Borg		12							29	
		Falæina Streitu	6			2 eins Eld-stæði		Tvó + ritt Fullrænt					30	
→													31	
Hróð Hvíldi			ör Durg				Úrval Efna-samband				24		32	
Bál	22			óbundið Trylltar Kveður									33	
Slugsá		19				Umdæmi Ask						20	34	
Kúpu-leiðtogi				26				27	Frost-skemmd-ar				35	
→			25		Óx í augum Elgur								36	

Jóla­krossgá­tan

Skrifið lausnina á blað, (reitur 1 til 27, málsháttur) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 7. janúar 2019. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utánáskriftin er:

Eining-löjla
- verðlaunakrossgáta
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

Gjafabréf í HOF menningarhúsi á Akureyri að verðmæti kr. 20.000,-

Gjafabréf frá Strikinu að verðmæti kr. 10.000,-

Ekki segja upp í veikindum

– Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi –

Það eru nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-löjla eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-löjla beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.

Það hefur þrengt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óafsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt.

Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-löjlu áður en skrifað er upp á starfslok.

VerðlaunageTraun

**Hvað heitir starfsmaður félagsins á Dalvík?
(Svarið má finna á www.ein.is)**

- | | |
|----------------------------|-------------------------|
| 1. Guðrún Þorbjarnardóttir | 4. Guðrún Jónsdóttir |
| 2. Helga Pýri Bragadóttir | 5. Helga Níelsdóttir |
| 3. Margrét Jónsdóttir | 6. Margrét Einarsdóttir |

Skrifið lausnina á blað og merkið það með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja. **Skilafrestur er til kl. 16, mánudaginn 7. jan. 2019.** Dregið

verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utánáskriftin er:

Eining-löjla
- verðlaunageTraun -
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

Gjafabréf frá Strikinu að verðmæti kr. 10.000,-

Gjafabréf í HOF menningarhúsi á Akureyri að verðmæti kr. 10.000,-

STRIKIÐ

RESTAURANT & BAR



Agnes Björk er hér að fræða hópinn um reglugerð um löggæslu á skemmtunum og borgaralega handtöku.

Dyravarðanámsskeið

Dyravarðanámsskeið sem stóð yfir í tvær vikur lauk í byrjun nóvember. 17 þátttakendur tóku þátt í námskeiðinu, en frá því árið 2000 hefur Eining-löju, í samstarfi við lögregluna, staðið fyrir slíkum námskeiðum. Eitt af skilyrðum fyrir skemmtanaleyfi er að þeir sem starfa við dyravörslu hafi lokið slíku námskeiði.

Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt. Bóklegu tímarnir fóru fram í Einingar-löjusalnum í Alþýðuhúsinu en verklegar æfingar fóru fram á slökkvistöðinni, í húsnæði Rauða

krossins og í Íþróttahúsinu í Laugargötu. Farið var yfir fjölmarga þætti sem fylgja starfi dyravarða.

Agnes Björk Blöndal, löglærður fulltrúi lögreglustjóra, fjallaði um reglugerð um löggæslu á skemmtunum og borgaralega handtöku. Sigurður Eiríksson, fulltrúi sýslumanns fjallaði um áfengislög, reglugerð og leyfi vegna áfengisveitinga og fleira. Kári Erlingsson, rannsóknarlögreglumaður var með fræðslu um fíkniefni, einnig fjallaði hann um samskipti dyravarða og lögreglu og skoðun skilríkja. Jón

Ívar Rafnsson, frá Vátryggingarfélagi Íslands, fór yfir og útskýrði það helsta í sambandi við tryggingar í starfi. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, fjallaði um réttindi og skyldur starfsmanna sem og vinnuveitenda. Anna Sigrún, frá Rauða krossinum, sá um slysaþjálpina, Jóhann Þór Jónsson, verkefnastjóri við eldvarnaeftirlit fór yfir brunavarnir og Adam Brand Þórarinnsson fór í gegnum ferlið hvernig eigi að bera sig við að handtaka menn.

Lestur launaseðla - námskeið

Mjög góð mæting var á námskeið sem félagið hélt á veitingastaðnum Kontornum á Grenivík í lok október sl. fyrir erlenda félagsmenn. Þar var m.a. farið yfir hvað eigi að koma fram á launaseðlinum og hvernig eigi að lesa út úr honum.

Námskeiðið var túlkað yfir á pólsku og voru leiðbeinendur formaður og varaformaður félagsins, Björn Snæbjörnsson og Anna Júlíusdóttir.

Björn sagði að kallað hefði verið eftir þessu námskeiði frá félagsmönnum á Grenivík og miðað við hvernig til tókst þá verður það haldið víðar en þó sennilega ekki fyrr en á næst ári. "Þarna fórum við, með aðstoð túls, yfir uppbyggingu launaseðla og hvernig eigi að lesa úr öllum þeim upplýsingum sem á þeim eru. Einnig fórum við aðeins yfir helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði.



24 tóku þátt í námskeiðinu.



Fyrir þig, hjartað mitt



Hjartamagnýl®

– Dýrmæt forvörn

75 mg sýrupolnar töflur

Hjartamagnýl sýrupolnar töflur innihalda 75 mg af asetýlsalicýlsýru. Hjartamagnýl er ætlað sem annars stigs forvörn gegn hjartadrepri, til að fyrirbyggja hjarta- og æðasjúkdóma hjá sjúklingum með hjartaöng í jafnvægi, þegar saga er um hvikula hjartaöng, nema meðan á bráðafasanum stendur, til að fyrirbyggja stíflu eftir hjáveituaðgerð (CABG), við kransæðaþræðingu (coronary angioplasty), nema meðan á bráðafasanum stendur, sem annars stigs forvörn gegn skammvinnum blóðþurrðarköstum (TIA) og blóðþurrðarköstum í heila (CVA), að því tilskildu að blæðingar innan heila hafi verið útilokaðar. Notkun Hjartamagnýl er ekki ráðlögð við bráðaaðstæður. Notkun þess er takmörkuð við annars stigs forvarnir með langvinnri meðferð. Fylgið ávallt leiðbeiningum læknis um skammta og lyfjagjafir. Töflunum skal kyngja heilum með 1/2 glasi af vatni. Vegna sýrupolnu húðarinnar skal ekki mylja, brjóta eða tryggja töflurnar, húðin kemur í veg fyrir ertandi áhrif í meltingarvegi. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is


Actavis